

SHALDOR
skoðun 12



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk



Fullkomin Illska
Illska Eiríks Arnar Norðdahl er svo vel gerð að það er eiginlega óhugnanlegt, segir í ritdómi.
menning 24



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

14. nóvember 2012
268. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeirri tölurákvæða Capacent Gallup í maí - maí 2012



Bæði ljótir og flottir
Finnur Thorlacius leitar að geggjúðustu bílum landsins.
bílar 34

Bréf til borgarfulltrúa

Félag dagforeldra í Reykjavík lýsir furðu sinni á vinnubrögðum borgaryfirvalda.


umræða 16



Reddaði öllum skóm
Landsliðsfyrirliðinn Hrafnhildur Ósk Skúladóttir lætur ekki aðeins til sín taka inni á vellinum.

sport 31

veðrið í dag



HVESSIR SÍÐDEGIS í dag verður hæg breytileg átt í fyrstu og úrkomulítið en vaxandi suðvestan-átt síðdegis með úrkomu, fyrst um landið suðvestanvert.

VEÐUR 4

Hafna verðtryggðum lánum

Almenn útlán Íbúðalánasjóðs eru aðeins helmingur þess sem var á sama tíma í fyrra. Framboð óverðtryggðra lána bankanna er skýringin. Vanskil einstaklinga aukast. Sveitarfélög banka upp á vegna skulda.

FASTEIGNAMARKAÐUR Neytendur hafa hafnað verðtryggðum lánum til kaupa á húsnæði, er mat Sigurðar Erlingssonar, framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs (ÍLS). Sjóðurinn stefnir á að veita óverðtryggð lán fyrir áramót en heildarfjárhæð almennra lána það sem af er ári er aðeins 10,6 milljarðar króna samanborið við 19,2 milljarða á sama tíma í fyrra.

Íbúðalánasjóður hefur veitt 1.097 almenn íbúðalán frá áramótum í samanburði við 1.908 lán á sama tíma í fyrra.

Sigurður segir skýringuna á þessum breytingum á lánamarkaði með húsnæði skýrast nær alfarið af því að neytendur sækist eftir óverðtryggðum lánum viðskipta-

Það má segja að markaðurinn hafi hafnað verðtryggðum lánum. Við sjáum í skoðanakönnunum að 80% neytenda vilja óverðtryggð lán, sem er þróun síðastliðins árs.

SIGURÐUR ERLINGSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

bankanna. „Það má segja að markaðurinn hafi hafnað verðtryggðum lánum. Við sjáum í skoðanakönnunum að 80% neytenda vilja óverðtryggð lán, sem er þróun síðastliðins árs,“ segir Sigurður.

Hann segir þróunina ekki hafa mikil áhrif á rekstur ÍLS vegna þess að um tímabundið ástand sé að ræða; ef þetta umhverfi yrði til langframa þýddi það einfaldlega að sjóðurinn myndi snarminnka frá því sem nú er. „Þegar við byrjum að bjóða óverðtryggð lán þá trúi ég að sjóðurinn nái vopnum sínum,“ segir Sigurður en undirbúningur þess að sjóðurinn bjóði slík lán hefur staðið um nokkurt skeið og er aðgerðin nú í umsagnarferli hjá Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu.

Íbúðalánasjóður átti í október 2.155 eignir sem sjóðurinn hefur leyst til sín vegna vanskila. Um 53% þessara fasteigna voru áður í eigu fyrirtækja og stofnana.

Sigurður segir að þær eignir séu

mikið til frá almennum leigufélögum sem stóðu í mikilli uppbyggingu stuttu fyrir hrun. Um stöðu annarra lögaðila segir Sigurður að sveitarfélög séu farin að „banka upp á til að skoða lækkanir á lánum“.

Um þróun vanskila hjá ÍLS segir Sigurður að þau aukist enn. „Við erum ekki að sjá almennilegan bata í okkar lánasafni, því miður.“ Í lok október 2012 nam fjárhæð vanskila einstaklinga um fimm milljörðum króna og er undirbyggjandi lánavirði ríflega 90 milljarðar króna eða um 14% útlána sjóðsins til einstaklinga. Heimili í vanskilum eru um fimm þúsund og þar af eru á sjöunda hundrað heimili með frýstingu á lánum sínum.

- shá



UNGUR NEMUR Fáir íslenskir skólar státa af jafn fjölbreyttu námsúrvali og Tækniskólinn sem varð til árið 2008 við sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltaekniskólans. Starfshópur um aukna samþættingu í mennta- og atvinnumálum kynnti í gær tillögur sem miða meðal annars að því að stórefla verknám hér á landi á næstu árum. **Sjá síðu 10.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Arnaldur selur kvikmyndarétt:

Líst vel á framleiðendurna

BÆKUR „Ég hef fengið fyrirspurnir héðan og þaðan í gegnum árin en ekkert orðið úr þar til núna að mér leist vel á að fá þessa ágætu framleiðendur að myndinni,“ segir rithöfundurinn Arnaldur Indriðason. Hann hefur undirritað samning við tvo erlenda kvikmyndaframleiðendur, Yellow Bird og Molten Rock Media, sem hafa hug á að kvikmynda bók hans Napóleonskjölin. „Það hefur alltaf verið mín skoðun að Napóleonskjölin hafi upp á margt að bjóða sem alþjóðleg spennamynd. Ekki síst áhugaverða kvenhetju,“ segir Arnaldur.

Napóleonskjölin komu út á liðnu ári í Bandaríkjunum og hafa fengið góða dóma þar.

- fb / sjá síðu 34



ARNALDUR
INDRIÐASON

ROYAL
Tryggir
öruggan bakstur



Ósamræmi var í túlkun vafaatkvæða á milli kjördæma í þjóðaratkvæðagreiðslu: Ófært misræmi, segir Ögmundur

STJÓRNSÝSLA Ósamræmi er í matsreglum kjörstjórna í kjördæmum landsins og misjafnt hvenær atkvæði eru úrskurðuð ógild. Ekki hefur verið brugðist við gagnrýni sem sett var fram á málið að loknum síðustu alþingiskosningum.

Gunnar B. Eydal lögfræðingur gerði þá athugun á málinu og var niðurstaða hans að matsreglurnar væru um margt ólíkar á milli kjördæma. Í sumum kjördæmum mátti til dæmis teikna broskall eða hjarta á atkvæðaseðil, en öðrum ekki. Mat landskjörstjórnar er að 173 atkvæði

í þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá hafi ranglega verið metin ógild.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra tekur undir að bagalegt sé að ekki séu samræmdar matsreglur á milli kjörstjórna:

„Það er meira en bagalegt, það er náttúrulega ófært. Þetta þarf að sjálfsgöngu að vera alveg skýrt og það er mikilvægt að menn séu samræmdir hvað þetta snertir. Landskjörstjórn hefur samræmingarhlutverk, en sá hængur er á því að vísa verður málum sérstaklega til hennar.“

- kóp, þeb / sjá síðu 6

GEFÐU GÓÐA
HEILSU Í JÓLAGJÖF

LAUGARSPA
laugarspa.is

World Class
ICELAND
worldclass.is

Í Ráðhúsi
Reykjavíkur
17.-18. nóv.

BÓKAMESSA Í
BOKMENNTABORG

3
dagar eftir




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Vertu til er vetur kallar á þig

Komdu og fáðu **sex punkta** yfirferð fyrir veturinn hjá fagmönnum. Það er **ókeypis** fyrir eigendur Toyota.



11 viðurkenndir þjónustuaðilar um allt land. Engin vandamál – bara lausnir.

Komdu til viðurkennds þjónustuaðila í nóvember og fáðu sex punkta yfirferð án endurgjalds. Við förum yfir ljósin, rafgeyminn, þurrkurnar, rúðuvökvann, smyrjum lamir og læsingar og setjum sílikon á þéttikanta.

20% afsláttur

af rúðupurrkublöðum, þurrkugúmmíum og bílaperum.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kaupúni
Toyota Akureyri
Toyota Selfossi
Toyota Reykjanesbæ
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bifreiðaverkstæðið Ásinn
Bílatangi
Bifreiðaverkstæði KS
Bílaleiga Húsavíkur
Bílaverkstæði Austurlands
Bílageirinn

Kaupúni 6
Baldursnesi 1
Fossnesi 14
Njarðarbraut 17
Bæjarflöt 13
Skemmuvegi 16
Kalmansvöllum 3
Suðurgötu 9
Hesteyri 2
Garðarsbraut 66
Miðási 2
Grófinni 14a

15% afsláttur

af rafgeymum.

Bókaðu tíma.

210 Garðabæ
603 Akureyri
800 Selfossi
260 Reykjanesbæ
112 Reykjavík
200 Kópavogi
300 Akranesi
400 Ísafirði
550 Sauðárkróki
640 Húsavík
700 Egilsstöðum
230 Reykjanesbæ
570 5070
460 4300
480 8000
420 6610
440 8000
440 8000
431 5050
456 4580
455 4570
464 1888
470 5070
421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Þriggja ára ábyrgð
á Toyota rafgeymum

★ AMERÍSKIR SÓFADAGAR!

MIKIÐ ÚRVAL – FRÁBÆRT VERÐ!

NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR

12
MÁNAÐA
VAXTALAUS
SÓFALÁN

LARAMIE sófasett microfíber áklæði.
Stóll: B: 111 H: 95 B: 95
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

2 SÆTA
179.990
VERÐ: 199.990

3 SÆTA
189.990
VERÐ: 209.990

STÓLL
149.990
VERÐ: 169.990

NÚNA
30.000
KR. AFSLÁTTUR



LARAMIE Hornsófi. Brúnt microfíber.
D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.

379.990
VERÐ: 439.990

NÚNA
60.000
KR. AFSLÁTTUR

EDWARD 3 SÆTA.
Slitsterkt áklæði.
Stærð 3ja sæta
B: 220 D: 95 H: 90 cm.

3 SÆTA
229.900
VERÐ: 259.900

2 SÆTA
219.900
VERÐ: 249.900

STÓLL
169.900
VERÐ: 189.900



HOLLANDER Leðursófi.
Brúnt gæðaleður.
Stærð 3ja sæta B: 220 D: 95 H: 90 cm.

NÚNA
50.000
KR. AFSLÁTTUR

3 SÆTA
359.000
VERÐ: 409.000

2 SÆTA
339.000
VERÐ: 389.000

Broyhill
EINN STÆRSTI SÓFAFRAMLEIÐANDI Í AMERÍKU

NÝ SENDING
AF SÓFUM FRÁ
BROYHILL!

LA Z BOY® MEST SELDI HÆGINDASTÓLL Í HEIMI

NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR



119.990
VERÐ: 139.990

LA Z BOY®

ASPEN La-z-boy stóll. Svart, vín-
rautt, brúnt eða ljóst leður.
B:80 D:85 H:102 cm.

NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR



99.990
VERÐ: 119.990

LA Z BOY®

NORMAN La-z-boy stóll.
Brúnt eða natur áklæði.
B:74 D:70 H:103 cm.

NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR



149.990
VERÐ: 169.990

LA Z BOY®

GRAND PINNACLE XL La-z-boy
stóll. Svart eða brúnt leður. B:84
D:107 H:118 cm.

LA Z BOY®

Hinn eini sanni!

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

HÚSGAGNAHÖLLIN



1. Hversu mörg tonn af rusli falla til á Landspítalanum árlega?
2. Hversu miklu mun hver Íslendingur að meðaltali eyða í jólaværslun?
3. Hvaða danska handknattleikslíð þjálfar Óskar Bjarni Óskarsson?

SVÖR:

1. 1.277.243.300 kílógr. 3. Víðberg

Ríkisstjórnin samþykkir að bæta bændum tjón vegna veðursins í september:

Tæplega 10.000 kindur drápust

VEÐUR Veittar verður 120 milljónir króna úr Bjargráðasjóði til að bæta bændum tjón sem varð í óveðrinu á Norðurlandi í september. Féð kemur af óskiptum fjárheimildum ársins en því til viðbótar er sjóðnum heimilað að nýta allt að þrjátíu milljónir sem sjóðurinn fékk vegna eldgosu og standa eftir ónýttar.

Á tjónasvæðinu er áætlað að 224 jarðir hafi orðið fyrir tjóni. Á þessum bæjum vantar 6.318 lömb og 3.105 ær; eða alls 9.423 fjár. Þá hafa fimmtíu nautgripir farist og 132 kílómetrar af girðingum eru skemmdir, illa farnir eða ónýtir.

Þetta var niðurstaða ríkisstjórnarinnar á fundi gærdagsins en samráðshópur ráðuneytisstjóra um viðbrögð við náttúruvá hefur undanfarið fjallað um tjón af völdum óveðursins. Er það niðurstaðan að veðrið og afleiðingar þess séu ekkert annað en náttúruhamfarir, auk þess sem lýst var yfir almannaþarnaástandi á svæðinu.

Áætlaður heildarkostnaður Bjargráðasjóðs vegna þessa tjóns eru tæpar 142 milljónir króna og nær kostnaðurinn til bóta á búfénandi, fóðurkaupa, tjóns á girðingum og annarra þátta.



FIÁRSKAÐI Nú er ljóst að skaði bænda eftir óveðrið er meiri en svartsýnustu menn töldu. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Úthlutað úr tæknisjóði EFTA:

27 milljónir í Palestínustyrk

UTANRÍKISMÁL Palestína fær úthlutað sem nemur 27 milljónum króna úr tæknisjóði EFTA. Þetta var ákveðið í ráðherraráði EFTA, að tillögu íslenskra stjórnvalda.

Á vef utanríkisráðuneytisins segir að styrkurinn sé í tilefni „erfiðleika Palestínunanna á að fullnýta friverlusunarsamning EFTA vegna hernáms Ísraelsmanna“.

Upphæðin nemur fjórutíu prósentum af öllum styrkjum sem EFTA hefur til ráðstöfunar að þessu sinni.

www.jolagestir.is

Góa og Fjarðarkaup kynna með stolti

Jólagestir Björquins 2012

Miðasala á Miði.is og í síma 540 9800



Miðasala á aukatónleika í fullum gangi!



ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLA Þann 20. október var gengið til kosninga um ráðgefandi tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Nú hefur komið í ljós að ósamræmi er í matsreglum kjörstjórna í kjördæmunum sex. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

173 atkvæði ranglega úrskurðuð ógild

Ósamræmi er í matsreglum kjörstjórna í kjördæmunum sex og misjafnt hvenær atkvæði eru úrskurðuð ógild. Landskjörstjórn segir 173 kjörseðla, sem dæmdir voru ógildir í þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnarskrá, hafa verið gilda.

STJÓRNSÝSLA 173 atkvæði sem dæmd voru ógild í þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnarskrá 20. október síðastliðinn voru í raun gild. Þetta er mat landskjörstjórnar, en umboðsmenn kjósenda í Reykjavíkorkjördæmi norður óskuðu eftir því að úrskurðuð yrði um gildi kjörseðlanna.

„Á 127 kjörseðlum gerir kjósendi leiðréttingu á svari sínu við einni spurningu eða fleiri og atkvæðaseðillinn er metinn ógildur í heild af yfirkjörstjórn í Reykjavíkorkjördæmi norður,“ segir í bókun þeirra Ásdísar J. Rafnar lögfræðings og Huldu R. Rúriksdóttur hæstaréttarlögmanns, sem voru umboðsmenn kjósenda í kjördæminu. Á hinum 52 kjörseðlum höfðu ein eða fleiri spurningar verið ógiltar með öðrum hætti.

Landskjörstjórn hefur í þjóðar-

Ósamræmi milli kjördæma

Eftir síðustu þingkosningar kom í ljós að matsreglur kjörstjórna í kjördæmunum sex voru ekki samræmar og um margt ólíkar. Til dæmis var atkvæði ógilt í Reykjavíkorkjördæmi og Norðvesturkjördæmi ef á það hafði verið ritaður lítil broskarl eða hjarta. Í öðrum kjördæmum taldist það hins vegar gilt. Ef krotað var yfir einn lista og merkt við annan voru kjörseðlar úrskurðaðir ógildir í Reykjavík og Norðvesturkjördæmi en gildir í Suður- og Norðausturkjördæmi.

Þá gilda ekki sömu reglur þegar kosið er utan kjörfundar og á kjörfundi. Þetta kom allt fram við athugun Gunnars B. Eydal, en hann skrifaði grein um málið í tímarit lögfræðinga árið 2009.

atkvæðagreiðslum skipað umboðsmenn fyrir þá kjósendur sem segja já annars vegar og nei hins vegar í hverju kjördæmi.

Ásdís og Hulda bentu á að samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eigi ekki að úrskurða atkvæði ógilt ef greinilegt er hvernig það eigi að falla. Þá töldu þær að meta ætti svörin við hverri

og einni spurningu eins og um sérstakan kjörseðil væri að ræða.

Þessu er landskjörstjórn sammála. Hins vegar voru sex kjörseðlar þannig að merki eða orð höfðu verið sett við einhverjar spurningar og það taldi landskjörstjórn brjóta í bága við lög. Því ættu þau sex atkvæði að vera ógild í heild sinni. **thorunn@frettabladid.is**

Stjórn vísindasjóðs framhaldsskólakennara krefst aðgangs að reikningsyfirliti:

Kennarasambandið fyrir dóm

DÓMSMÁL Stjórn vísindasjóðs Félags framhaldsskólakennara hefur stefnt Kennarasambandi Íslands fyrir dóm og krafist innteningar í gögn úr bókhaldi sjóðsins. Málið er framhald deilna sem staðið hafa í hálf tveimur árum.

Ad sögn stjórnarformannsins Þóreyjar Hilmarsdóttur snýst málið um yfirlit bankareiknings Kennarasambandsins. Stjórn vísindasjóðsins telur að peningar hans hafi legið inni á reikningnum um lengri og skemmri tíma og safnað vöxtum, sem síðan fylgdu aldrei með þegar féð var látið sjóðnum aftur í té.

Fram kom í fréttum í október í fyrra að stjórn vísindasjóðsins

hefði sent félagsmönnum sínum bréf þar sem fram kom að margvísleg bókhaldsbrot hefðu uppgötvast þegar farið var að rýna í gögn sem aflað hefði verið frá Kennarasambandinu.

Þórey segir í samtali við Fréttablaðið að enn eigi eftir að meta tjón sjóðsins af því að hafa aldrei fengið vexti af tekjum sínum frá ríkinu, sem nema átta milljónum á mánuði. „En við munum krefja Kennarasambandið um það fé þegar sú upphæð liggur fyrir, hvort sem það þarf málaferli til eða ekki,“ segir Þórey.

Kí sakað um að misfara með vísindasjóð

Sjórn Vísindasjóðs framhaldsskólakennara hefur tekið sjóðinn úr vörslu starfsmanna Kennarasambands Íslands. Segir Kí hafa brotið bókhaldslög og hafi fé af sjóðnum. Margt mánaðir tek að fá bókhaldslög afhent. Kí harmar mála.



Kennarasambandið sakað um brot á bókhaldslögum og afhentningu bókhalds. Það gæti þýtt að vísindasjóðurinn myndi stíga aftur á milli.

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is


SUZUKI

Way of Life!

SUZUKI

Vetrarfélagar



SUZUKI GRAND VITARA

Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Með öflugri og sparneytinni 2,4L vél sem gerir góðan bíl enn betri. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur.

Grand Vitara Premium+

2,4L 169 hö, beinskiptur kr. **5.450 þús.**

2,4L 169 hö, sjálfskiptur kr. **5.750 þús.**

Það er gott að njóta öryggis í vetrarfærðinni á fjórhjóladrifnum Suzuki.



Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny. Fæst beinskiptur og sjálfskiptur.

Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður. Algjör „sparibaukur“ sem fæst sjálfskiptur.

Verð frá kr. 3.350 þús.

Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.



SUZUKI SWIFT 4x4

Stærri, rúmbetri og með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.

Verð kr. **3.150 þús.**

Meðaleyðsla 5,5L/100 Km.



SX4 SPORTJEPPINN

Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.

Með 1,6L vél. Verð kr. **3.650 þús.**

Meðaleyðsla 6,5L/100 km, beinskiptur

Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK



SUZUKI

TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

Danska lögreglan vongóð um að ný tækni við DNA-greiningu gefi góða raun:

Rannsaka fjölda óleystra morðmála á ný

DANMÖRK Dönsk lögregluvöld eru vongóð um að ná að leysa mörg óleystr morðmál frá fyrri árum. Rannsókn hefur verið hafin á ný í tólf málum hið minnsta eftir að ný tækni varpaði ljósi á nothæf lífsýni í málgögnum í geymslu. Af mörgum þeirra mátti greina erfðafni sem gæti varpað nýju ljósi á mál, eða sannað sekt grunaðra.

Samkvæmt því sem fram kemur á vef Politiken gerir nýja tæknin, svokölluð PCR-tækni, rannsóknardeildum lögreglu það kleift að taka lítinn hluta af erfðafni og magna hann upp til að fylla út í myndina af erfðamengi.

Lögreglan rannsakar nú af fullum krafti óleystr morðmál sem ná allt frá árinu 1967 til

2007. Í einu þeirra var búið að afmarka hóp grunaðra sem nú er hægt að bera saman við þau lífsýni sem fundust á morðvettvangi á sínum tíma.

Í kjölfarið hafa lögregluembætti víðar um land lýst yfir áætlunum sínum um að grandskoða fjöldann allan af óleystum málum með það að sjónarmiði að grafa upp ný sönnunargögn sem gætu varpað ljósi á hver gæti hafa verið þar að verki.

Politiken hefur þó eftir Jens Möller hjá lögreglunni í Kaupmannahöfn að DNA-sýni séu ekki nóg ef enginn grunaður er til að bera sýnið saman við og hvetur borgara sem gætu haft upplýsingar um málin til að hafa samband.



ROFAR TIL Danska lögreglan er vongóð um að ná að upplýsa mörg óuppleyst mál með hjálp nýrrar tækni til greiningar lífsýna.



FLÓÐ Í FENEYJUM Ferðamaður rokast með töskur sínar yfir Markúsartorgið í Feneijum, sem þessa dagana er á floti.

NORDICPHOTOS/AFP

Veðrið til óþurftar:

Skip HB Granda búa sig nú fyrir loðnuveiðar

SIÁVARÚTVEGUR Síldarvertíð HB Granda er formlega lokið þetta árið og uppsjávarveiðiskip fyrirtækisins búa sig nú á loðnuveiðar. Veður hefur sett strik í reikninginn og útlit fyrir frekari ógæftir.

Samkvæmt upplýsingum Vilhjálmssonar, forstjóra HB Granda, á heimasíðu fyrirtækisins voru veidd og unnin rúm sjö þúsund tonn af íslenskrum sumargotssíld. Síldin veiddist öll í Breiðafirði og var meira af henni að sjá eftir því sem leið á vertíðina. Jafnframt var síldin stærri í síðustu veiðiferðunum en í þeim fyrstu. Vinnsla gekk vel og er töluverð spurn eftir síldarafurðum.

- shá

Atvinnuleysi eykst milli mánaða:

Meðalatvinnuleysi 5,8 prósent á árinu

ATVINNUMÁL Skráð atvinnuleysi í október 2012 var 5,2%, en að meðaltali voru 8.187 atvinnulausir í mánuðinum og fjölgaði atvinnulausum um 305 að meðaltali frá september, eða um 0,3 prósentustig. Meðalatvinnuleysi tímabilið janúar til október á þessu ári var 5,8%, en 7,5% á sama tímabili 2011.

Þegar rýnt er í tölur um atvinnuleysi í október á tímabilinu 2010 til 2012 kemur í ljós að atvinnuleysið í sama mánuði í fyrra var 6,8% en 7,5% árið 2010.

Fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en sex mánuði samfelld er nú 4.793 og hefur fækkað um nítíu frá lokum september og eru um 55,8% þeirra

sem eru á atvinnuleysisrátt í október.

Fjöldi þeirra sem verið hafa atvinnulausir í meira en eitt ár var 3.222 í októberlok og fækkaði um 48 frá lokum september.

Atvinnuleysið var 5,8% á höfuðborgarsvæðinu og fór úr 5,6% í september. Á landsbyggðinni var atvinnuleysið 4,1% og fór úr 3,7% í september.

Mest var atvinnuleysið á Suðurnesjum 8,9% og fór úr 7,8% í september. Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra, 1,4%.

Alls voru 1.608 erlendingar ríkisborgarar án atvinnu í lok október, þar af 931 Pólverji eða um 58% þeirra útlendinga sem voru á skrá í lok mánaðarins.

- shá



HERFORINGJAR OG RÁÐHERRA Herforingjarnir John Allen og David Petraeus ásamt varnarmálaráðherra Leon Penett. Allen tók sumarið 2011 við af Petraeus sem yfirmaður bandaríska herliðsins í Afganistan.

NORDICPHOTOS/AFP

Framhjáhald veldur fjaðrafoki í hernum

John Allen, yfirmaður bandaríska herliðsins í Afganistan, sætir nú rannsókn í tengslum við framhjáhald Davids Petraeus. Í síðustu viku sagði Petraeus af sér sem yfirmaður CIA vegna framhjáhaldsins.

BANDARÍKIN Framhjáhald Davids Petraeusar, sem á föstudag sagði af sér sem yfirmaður leyniþjónustunnar CIA, með Paulu Broadwell ætlar að draga lengri dilk á eftir sér en í fyrstu var talið. Nú er röðin komin að John Allen, yfirmanni bandaríska herliðsins í Afganistan, sem orðið hefur upplýsingar um „óviðeigandi“ tölvasamskiptum við aðra vinkonu Petraeusar, Jill Kelley.

Bandaríska varnarmálaráðuneytið hefur tekið við rannsókn á þessum tölvasamskiptum af bandarísku alríkislögreglunni FBI. Þá hefur Leon Panetta varnarmálaráðherra frestað því að gera Allen að yfirmanni bandaríska herliðsins í Evrópu og jafnframt herafra Atlantshafsbandalagsins í Evrópu.

Upp komst um framhjáhaldið þegar alríkislögreglan FBI hóf rannsókn á nafnlausum hótunarbrefum til Kelley, sem Petraeus hefur þekkt lengi. Í þessum brefum er Kelley sagt að halda sig fjarri Petraeus.

Rannsóknin leiddi í ljós að hótunarbrefin komu frá Paulu Broadwell, sem hafði skrifað ævisögu Petraeusar. Þar með hafði lögreglan fengið ástæðu til að kanna frekar tölvupóst hennar, og komst þannig að því að samband Broadwell og Petraeusar var býsna náð.

Samband þeirra Petraeusar og Broadwell virðist hafa byrjað í

nóvember árið 2011, þegar Petraeus var nýtekin við yfirmennsku hjá CIA. Hann hafði áður verið yfirmaður bandaríska herliðsins í Afganistan. Sambandi þeirra virðist síðan hafa lokið í júlí á þessu ári.

Herforinginn Allen, sem tók við af Petraeus í Afganistan sumarið 2011, flæktist síðan í málið þegar í ljós kom að Kelley hafði átt í tölvasamskiptum við hann, en varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna segir þau bréfaskipti hafa verið „óviðeigandi“. Um er að ræða 20 til 30 þúsund blaðsíður af tölvupóstskeytum og öðrum skjölum sem fóru á milli þeirra á árunum 2010 til 2012.

Ekki hefur verið skýrt frá því hvað er svona óviðeigandi við þessi tölvasamskipti, en helst hefur verið nefnt að annaðhvort hafi þau átt í ástarsambandi eða í skjölunum hafi verið viðkvæmar upplýsingar.

Hvort heldur sem er gæti Allen átt yfir höfði sér refsingu. Í bandaríska hernum er framhjáhald brot gegn herreglum, og sömuleiðis varðar við lög að leka upplýsingum er varða herinn.

Ekki hefur heldur komið skýrt fram hvort Petraeus sagði af sér vegna framhjáhaldsins eða vegna þess að hann hafi hugsanlega veitt Broadwell meiri upplýsingar en hann hafði heimild til.

gudsteinn@frettabladid.is

HAFÐU KAFFIÐ

EINS OG ÞÚ VILT

EINSTÖK TÆKNI
LAGAR SIG SJÁLFVIRKT
AÐ ÞÍNUM SMEKK

PLAY & SELECT

COFFEE IS NOT JUST BLACK

Finndu okkur á Facebook
www.facebook.com/NESCAFEDolceGustolsland



Í tilefni dagsins!



Öll Skeifjungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

Í tilefni dagsins veita kort og lyklar Orkunnar og Staðgreiðslukort Skeifjungs **15 kr. afslátt** á bensinstöðvum Orkunnar **miðvikudaginn 14. nóvember.***

Nýttu daginn vel!

Vinsamlegast athugið að afslátturinn bætist ekki við aðra afslætti.
Viðskiptavinir mega velja sér tilefni að eigin vali.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!!

*Pegar greitt er með lyklu og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeifjungs.

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**

Verknám verði eftt og náms- tími til stúdentsprófs stytur

Starfshópur forsætisráðuneytisins um aukna samþættingu í mennta- og atvinnumálum hefur kynnt tillögur sínar. Í skýrslu hópsins kemur fram að óvenjumargir Íslendingar hafa bara lokið grunnskólaprófi.

MENNTAMÁL Aukin áhersla verður lögð á verknám og tæknigreinar í íslenska skólakerfinu auk þess sem grunn- og framhaldsskólinn verður stytur ef tillögur starfshóps um samþættingu mennta- og atvinnumála ná fram að ganga. Hópurinn kynnti í gær tillögur um hvernig auka má samþættingu menntakerfisins og atvinnulífsins.

Vinna starfshópsins byggði á þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi í júní 2011 og fjallaði um mikilvægi þess að samþætta áherslur stjórnvalda í mennta- og atvinnumálum. Var starfshópurinn skipaður í kjölfarið en í honum áttu sæti fulltrúar úr skólasamfélaginu, ráðuneytum og samtökum atvinnurekenda og launamanna.

Skúli Helgason, þingmaður Samfylkingarinnar, leiddi starfshópsins. Á kynningarfundum vegna útgáfu skýrslunnar í gær sagði hann vinnuna ekki síst hafa tekið mið af því að skömmu eftir bankahrun þegar atvinnuleysi var í sögulegu hámarki hefði borist ákall frá atvinnulífnum um að tilfinnanlegur skortur væri á starfsfólki með verk- og tæknimenntun.

Í skýrslunni kemur fram að hlutfall Íslendinga á virkum vinnualdri sem hafa ekki lokið framhaldsskólunámi er talsvert hærra en gengur og gerist í nágrannalöndum Íslands. Þá ljúka færri íslenskir

Tillögur starfshópsins

Helstu tillögur starfshóps forsætisráðuneytisins eru eftirfarandi:

- Náms tími í grunn- og framhaldsskóla verði stytur
- Aukin áhersla verði lögð á einstaklingsmiðað nám
- Aðgerðir gegn brottfalli úr menntakerfinu hefjist strax í grunnskóla
- Áhersla á nýsköpun aukin á öllum skólastigum
- Reiknilíkanið sem stjórnar fjárveitingum til framhaldsskóla verði endurskoðað
- Samfella milli skólastiga
- Aukin ráðgjöf til ungs fólks um menntun og atvinnu
- Aðgerðaáætlun um eflingu verk- og tæknináms á framhaldsskóla- og háskólastigi verði unnin
- Áhersla á verk- og tæknigreinar í grunnskólum verði aukin
- Mannafli- og menntunarbörf atvinnulífsins verði greind og skóli og atvinnulíf hefji samstarf um nýjar áherslur í menntamálum
- Settur verði á fót viðtækur samráðsvettvangur um framtíðarstefnu menntakerfisins



Í TÆKNISKÓLANUM Í nýrri skýrslu um stefnu í mennta- og atvinnumálum er kynnt það markmið að nemendum á framhaldsskóla- og háskólastigi fjölgi verulega á næstu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

nemendur framhaldsskólánámi á réttum tíma en almennt gerist í OECD-ríkjunum auk þess sem náms tími á grunn- og framhaldsskólastigi er óvenjulangur hér á landi.

Starfshópurinn leggur því meðal annars áherslu á að einstaklingsmiðað nám og starfs- og verknám fái aukna áherslu í grunn- og framhaldsskólum til að tryggja að allir hafi námsmöguleika við sitt hæfi.

Þá mælir hópurinn með því að

unnin verði tímasett áætlun um eflingu verk- og tæknináms á framhaldsskóla- og háskólastigi með það að markmiði að hlutfall nemenda í þess konar námi hækki úr 33% árið 2011 í 40% árið 2020.

Hópurinn telur jafnframt æskilegt að stytta námstíma í grunn- og framhaldsskóla úr fjórtán árum í þrettán og jafnvel tólf. Skúli Helgason sagði þó á fundinum í gær að stytting á námstíma væri róttæk aðgerð og krefðist því

undirbúnings og samtals innan skólakerfisins. Þá benti hann á að stytting námstíma um eitt ár myndi spara á bilinu einn til tvo milljarða króna á ári sem hægt væri að nýta til að styrkja menntakerfið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu verður falið að hrinda tillögum starfshópsins í framkvæmd í samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og velferðarráðuneytið. magnusi@frettabladid.is



BÍTUR Í FROSK Hermaður í Armeníu lét sig hafa það að bíta í lifandi frosk á afmælishátíð hersins í Jerevan.

NORDICPHOTOS/AFP

Deilur í Danmörku:

Lífeyrissjóðirnir gagnrýndir fyrir vopnabrask

DANMÖRK Danskir lífeyrissjóðir hafa fjárfest í vopnaframleiðslufyrirtækjum. Á meðal þeirra fyrirtækja sem þeir hafa fjárfest í eru fyrirtæki sem framleiða ómannaðar sprengjuflugvélar sem hafa óspart verið notaðar í Pakistan og Jemen.

Fram kemur á vef Berlingske að forsvarsmenn sjóðanna beri fyrir sig að takmarkið sé að ávaxta fé sjóðfélaga og ekkert ólöglegt felist í framleiðslu ómannaðra flauga.

Talsmenn Amnesty í Danmörku og dönsku neytendasamtakanna segja það hins vegar vera skyldu sjóðanna að horfa til ábyrgðar og siðferðislegra álitamála í fjárfestingum sínum.

-þj

Græn og
gómsæt!

Vöruúrvalið í 10-11 er frábært og þar færðu að sjálfsögðu hina sígildu og ljúffengu Grænu köku!



1011

Fljótlegt og þægilegt



AÐVENTUTÓNLEIKAR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

MESSÍAS

— GEORGE FRIDERIC HÄNDEL —

Fá meistaraverk eru flutt jafn oft við þvilíkar vinsældir og óratória Händels. Þetta er eitt frægasta tónverk sem samið hefur verið og fyrir mörgum ómissandi hluti af jólaundirbúningnum. Ekki láta þessa einstöku aðventutónleika framhjá þér fara.

Mið. 05. DES. '12 » 19:30

Fim. 06. DES. '12 » 19:30

Georg Friedrich Händel
Messías

Nicholas Kraemer
hljómsveitarstjóri

Helen-Jane Howells,
Marianne Beate Kielland,
James Gilchrist og
Roderick Williams einsöngvarar

Kór Áskirkju,
Magnús Ragnarsson kórstjóri

Makríldeilan er toppurinn á miklu stærri ísjaka:

Er fiskurinn að koma eða fara?

Makríldeila Íslands og Færeyja annars vegar og Evrópusambandsins og Noregs hins vegar snýst um mikla hagsmunir. Makrílveiðarnar hafa verið gríðarleg búbót fyrir íslenzkan sjávarútveg og Ísland stendur skiljanlega á rétti sínum að nytja stofn, sem hefur fært sig inn í lögsöguna, að því er menn telja vegna hlýnunar sjávar. Að sama skapi er skiljanlegt að útgerðar- og sjómenn í ESB-rikkjunum og Noregi séu súsir að missa spón úr sínum aski.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Deilan er komin í hefðbundinn farveg slíkra fiskveiðideilna, með hótunum og stóryrðum um rányrkju á báða bóga og litlum sanningsvilja enn sem komið er. Ísland og Færeyjar vilja styrkja stöðu sína með því að veiða sem mest áður en samið er. Ríkin sem eru vön að veiða makrílinn vona að hann breyti göngumynztri sínu aftur og leiti á gamlar slóðir áður en gerður verður samningur þar sem nýjum ríkjum er afhent dágóð hlutdeild í stofninum.

Á öllum deiluaðilum hvílir sú skylda samkvæmt alþjóðalögum að semja um nýtingu stofnsins til að koma í veg fyrir ofveiði og hugsanlegt hrun í framhaldinu. Makrílmálið er stórt, en þó er það í raun bara toppurinn á risastórum ísjaka, ef þannig má að orði komast, því að hlýnun sjávar og bráðnun heimskautáissins getur sett alla fiskveiðistjórnun í norðurhófum í algjörlaga nýtt samhengi.

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, fjallaði um þetta stóra samhengi í fyrirlestri á Sjávarútvegsráðstefnunni, sem Fréttablaðið sagði frá í síðustu viku. Hann benti á að gengju spár um bráðnun heimskautáissins eftir, gætu opnast víðáttumikil ný fiskimið. Þar gætu skapast gríðarleg tækifæri fyrir Íslendinga og aðrar þjóðir á norðurhvara. „Óvissan er mikil en það sem er áhugavert fyrir okkur Íslendinga er hvort okkar deilistofnar munu stækka og hvort við gætum gert kröfu um stærri hlutdeild í framhaldinu,“ sagði Jóhann. Hann segist telja „mjög mikilvægt okkar hagsmunum að við reynum að stuðla að því að aðferðafræðin við uppskiptingu stofna sem eru að breyta útbreiðslu sinni verði styrkari, því um þetta munu verða mikil átök í framtíðinni.“

Þetta er laukrétt. En það er ekki víst að Ísland verði alltaf í þeirri stöðu að græða á breyttri útbreiðslu fiskstofna eins og í makrílmálinu. Eins og Jóhann Sigurjónsson bendir á er alltof lítið vitað um orsakatengsl og samhengi í lífríkinu á norðurslóðum. Hugsanlega þýða loftslagsbreytingar að þegar fram í sækir kólni á Íslandsmiðum, fremur en að það hlýni áfram. Hugsanlega færa nýir nytja-stofnar sig ekki til okkar, heldur synda þeir hefðbundnu frá okkur.

Þegar mótuð er „aðferðafræði við uppskiptingu stofna sem eru að breyta útbreiðslu sinni“ þjónar það þess vegna ekki endilega hagsmunum Íslands til langs tíma að ekkert tillit sé tekið til þess hverjir hafa nytjað viðkomandi stofna í fortíðinni. Það þarf að hafa í huga við leitina að lausn í makrílmálinu. Enn sem komið er er sú deila aðallega til marks um hvað alþjóðlega regluverkið, sem þó er fyrir hendi, er gagnslítið til að bregðast við breytingum í loftslagi og lífríki.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

DELL Latitude E5430

Öflugur vinnuhestur á góðu verði



Styrkt umgjörð tölvunnar hentar vel fólki á ferðinni.

Listaverð 239.990 kr. stk.
1-9 tölvur 159.900 kr. stk.
10+ tölvur 149.900 kr. stk.

Nánari upplýsingar á www.advania.is/kynningarverd í síma 440 9010 eða í tölvupósti sala@advania.is

Öll verð eru með vsk. Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Sætin 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000



HALLDÓR



Öruggt húsnæði

Húsnæðis-mál



Mördur Arnason
alþingismaður

Ungt fólk á byrjunarreit í húsnæðismálum hefur lengst af átt tvo kosti og hvorugan góðan: Að hrekjast á milli leiguíbúða með öllum þeim óþægindum sem það veldur barnafjölskyldum – eða sökva sér í skuldir, verðtryggðar eða gengistryggðar, eins og tíðkaðist í hrundansinum.

Að hluta liggur skýringin í öfgaflullri séreignastefnu sem hægriöflin hafa rekið hér áratugum saman með þeim hörmulegu afleiðingum sem nú koma á daginn skýrar en oftast áður. Hinn hluti skýringarinnar er sú staðreynd að vinstri öflin, verkalýðshreyfingin og lífeyrissjóðirnir hafa ekki barist nógu hart fyrir þessu mikilvæga máli.

Í grannlöndum hefur öruggt húsnæði á hagkvæmum kjörum verið hið klassíska verkefni jafnaðarmanna og verkalýðshreyfingar. Árangurinn þekkja margir sem hafa stundað nám í þessum löndum, leigt námsmannaíbúðir og svo flutt sig yfir í leiguíbúðir á almennum markaði, í kaupleigu- eða búseturéttarkerfi að námi loknu. Stundum er loka-stigið séreign, en þá ekki fyrr en fólk hefur komið almennilega undir sig fótunum.

Þótt hér hafi eftir hrun verið gert meira en víðast hvar erlendis fyrir húsnæðisskuldara blasir við sú staðreynd að í súpunni situr verulegur hópur fólks sem keypti íbúðir sínar á bóluverði. Er í reynd komið aftur fyrir byrjunarreitinn. Og nú er mætt til leiksins ný kynslóð og við blasa sömu tveir kostir. Þetta fólk veltir auðvitað fyrir sér þriðju leiðinni, að hefja búskap í öðrum löndum – yfirgefa Ísland.

Í þessari stöðu hljótum við foreldrar þeirra, afar og ömmur að spyrja þess sama og Sumarhúsabóndinn: Hvað er þá auður og afl og hús?

Traustur, almennur leigumarkaður, öflugt búseturéttarkerfi og alvöru kaupleigukerfi er eitt brynasta verkefni næstu ára. Það er ekki bara hagsmunamál þeirra sem í hlut eiga. Foreldrar sem kynslóð eftir kynslóð hafa þurft að lána börnum sínum veð svo þau geti tekið þátt í hinu íslenska húsnæðisakaupfjárhættuspili eiga hér líka hagsmunum að gæta. Beinir hagsmunir atvinnulífsins, verkalýðshreyfingar, lífeyrissjóða og ríkis af því að ungt fólk fái öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði eru augljósir. Hér má enginn liggja á liði sínu.

Góðmennska við kaupmenn

Viðskipti

Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson

eigandi Sports Direct á Íslandi



Nú um stundir standa Samtök verslunar og þjónustu fyrir áttakinu *Það borgar sig að versla á Íslandi*, þar sem íslenskir neytendur eru hvattir til að beina viðskiptum sínum fyrir jól til íslenskra verslana, á þeim grundvelli að verslun á Íslandi stuðli að bættum efnahag.

Í herferðinni segja samtökin sögu af manneskju sem kaupir útvarp af afgreiðslukonu sem á tvo syni og með því að versla af henni sé kaupandinn að styðja íslenska tónlist því konan getur núna fjár-

magnað tónlistarnám annars sonarsins, sem kaupandinn mun svo síðar meir hlusta á í útvarpinu.

Boðskapur sögunnar er fallegur og alveg réttur, kannski örlítið langsóttur en rétt er að íslensk verslun eflir efnahag Íslands. En eiga neytendur að versla hjá íslenskum smásölum eingöngu á þeim forsendum?

Mér þykir það frekar léleg beiðni kaupmanna að ætlast til þess að fólk flykkist í verslanir sínar af góðmennskunni einni. Viðskiptavinir íslenskra verslana eiga að versla hjá íslenskum verslunum á sömu forsendum og kaupmenn selja vörur sínar, á viðskiptalegum forsendum. Neytendur eru oft og tíðum harðsnúnir rekstrarmenn sem sætta sig ekki við neitt annað en hagstæðasta verðið, en það er eitthvað sem margir rekstrarmenn

Íslenskir kaupmenn ættu heldur að draga saman seglin, einfalda og hagræða í rekstri, hætta að borga í SVP og leyfa neytendum að njóta góðs af sparnaðinum af lægra vöruverði.

gera hins vegar ekki. Enn fremur efast ég stórlega um að verslunarmenn leggi á vörur sínar af góðmennskunni einni.

Því miður er verslun á Íslandi illa rekin, eins og fram kom í skýrslu McKinsey sem kynnt var

í lok síðasta mánaðar. Framleiðni er lág og verslunarrými er allt of stórt, t.a.m. er meðalverslunarstærð á Íslandi um 550 fermetrar en meðalstærð á Norðurlöndunum og Bretlandi er 357 fermetrar. Þetta þýðir að um 4,1 fermetri af verslunarplássi er á hvert mannsbarn á Íslandi meðan það er 2,1 að meðaltali í ofangreindum löndum.

Líklegast er verslun á Íslandi enn að glíma við afleiðingar góðærisins fyrir 2008, þegar opnaðar voru verslanir af miklum móð og öllum „gekk vel“. Líklegast hafa sumar matvöruverslanir burði til að standa undir miklum fjölda verslana en þær sem það gera eru iðulega í smærri kantinum og nýta fermetrana vel. Aðrar verslanir sem ekki selja nauðsynjavörur hafa þrátt fyrir það þanið út fermetra-plássid líkt og þær væru staðsettar

í milljónaborg og halda uppi vöruverði með því að reka óhagstæð verslunarveldi.

Það er því sorglegt að sjá kaupmenn biðja neytendur að versla hjá sér á þeirri forsendu að það sé svo gott fyrir íslenskan efnahag, þegar þeir eru í raun og veru bara að biðja neytendur um að niðurgreiða óhagkvæman verslunarrekstur þeirra. Íslenskir kaupmenn ættu heldur að draga saman seglin, einfalda og hagræða í rekstri, hætta að borga í SVP og leyfa neytendum að njóta góðs af sparnaðinum af lægra vöruverði. Ég hvet því íslenska neytendur til að versla þar sem það er hagstæðast fyrir þá, hvort sem það er á Íslandi eða annars staðar, og nota sparnaðinn t.d. í tónlistarnám fyrir börnin sín. Þetta er eina leiðin til að lækka vöruverð á Íslandi.

Það geta allir verið stoltir af því að leggja inn í Blóðbankann

Heilbrigðismál

Jórunn Frímansdóttir
deildarstjóri



Lífið er hverfult og ekkert okkar veit með vissu hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Öll getum við lent í þeirri aðstöðu að þurfa á blóðgjöf að halda. Okkur finnst sjálf-sagt að fá blóð ef svo ber undir og fæst okkar hugsu um hvað liggur að baki.

Á bak við hverja blóðgjöf er blóðgjafi sem hefur lagt leið sína í Blóðbankann eða blóðbankabílinn, gefið

af sjálfum sér og tíma sínum til þess að tryggja að nóg blóð sé til þegar á þarf að halda. Það er ekkert sjálfsagt við það, en sem betur fer eru margir tilbúnir að gefa af sér með þessum hætti.

Blóðgjöf er oft nauðsynleg. Við ýmsar fyrir fram ákveðnar aðgerðir er nauðsynlegt að gefa blóð og ekki síður í eða eftir bráðar aðgerðir. Einstaklingar geta þurft blóðgjöf reglulega vegna sjúkdóma um lengri eða skemmri tíma og alltaf þarf að vera til nóg neyðarblóð sem grípa getur þurft til við slyss eða bráðatilvik sem þarf að bregðast við strax.

Þúsundir blóðgjafa

Blóðbankinn þarf að meðaltali

Bíllinn fer á ýmsa staði; fyrir utan skóla og fyrirtæki, í Borgartún, Fjarðarkaup, Smáratorg, Selfoss, Reykjanesbæ og fleira mætti telja.

70 blóðgjafa á dag til þess að viðhalda sínum lager. Á bak við þessar blóðgjafir standa á milli níu og tíu þúsund blóðgjafar sem leggja

leið sína í bankann reglulega. Það er nauðsynlegt fyrir bankann að fá inn nýja einstaklinga því alltaf eru einhverjir sem því miður þurfa að hætta að gefa, oft vegna reglulegrar lyfjanotkunar, sjúkdóma eða heilsuþrestra. Blóðbankabíllinn er afar mikilvægur í öflun nýrra blóðgjafa og eru margir sem koma í fyrsta sinn með vinnufélögum eða vinum í bílinn. Bíllinn er á ferðinni á þriðjudögum og miðvikudögum og er hægt að fylgjast með ferðum hans á www.bloodbankinn.is. Bíllinn fer á ýmsa staði; fyrir utan skóla og fyrirtæki, í Borgartún, Fjarðarkaup, Smáratorg, Selfoss, Reykjanesbæ og fleira mætti telja. Ópið er mánudaga til fimmtu-

daga í Blóðbankanum Snorrabraut 60, 101 Reykjavík þar sem alltaf er hægt að koma, fræðast, skoða og fá mat á því hvort maður geti orðið blóðgjafi.

Við tökum vel á móti þér

Blóðbankinn á 59 ára afmæli í dag, 14. nóvember. Af því tilefni verða bakaðar vöfllur og boðið upp á skemmtilegar upptökur yfir daginn. Það eru allir velkomnir í afmæliskaffi, en auðvitað ekki bara í dag heldur alla daga.

Starfsfólk og hjúkrunarfræðingar Blóðbankans taka alltaf vel á móti þér ef þú vilt kanna möguleika þína á því að verða virkur blóðgjafi.

Fyrirtæki

Vertu með símkerfið í öruggum höndum hjá Símanum

Fast mánaðargjald fyrir aðgang að IP símkerfi

Símavist hentar flestum gerðum fyrirtækja, óháð stærð og starfsemi.

Með Símvist býðst fyrirtækjum að leigja IP símkerfi gegn föstu mánaðargjaldi sem ræðst af fjölda starfsmanna sem nota kerfið. Símkertið er hýst í vélasölum Símans og fyrirtæki þurfa ekki að fjárfesta í vélbúnaði eða stýrikerfum.

Hafðu samband við Fyrirtækjaráðgjöf í síma 800 4000 og sérfræðingar okkar finna hagkvæmstu lausnina fyrir þitt fyrirtæki.

Í hvað fer eyrnamerkti skatturinn?

Fjármál

Sigurður Ingi Jóhannsson
alþingismaður



Á dögunum gaf SÁÁ út frá sér Amyndband með yfirskriftinni Betra líf. Þar eru lagðar fram athyglisverðar tillögur um að eyrnamerkja hluta tekna af áfengisgjaldinu fyrir meðferðarstofnanir. Augljóslega var skattlagning áfengis hugsuð sem tekjur til að veða á móti auknum kostnaði í félags- og heilbrigðiskerfinu sökum óhóflegrar áfengisneyslu. Þrátt fyrir það hefur verið bent á að erfitt hefur reynt að fá fjármagn til forvarna og meðferðar úr ríkissjóði.

Hugmynd SÁÁ var ekki sérlega vel tekið af ríkisstjórnarflokkunum, t.a.m. lagði velferðarráðherra til aukna skattheimtu ef einhver annar en ríkiskassinn ætti að fá hlut í þessu gjaldi. Auðvitað er alltaf hægt að leggja til aukna skatta en það er hins vegar ekki skynsamlegt. Margt bendir til að nú þegar sé skattlagning á áfengi orðin óhófleg og neyslan hafi færst frá viðurkenndum, löglegum vímuegðum til ólöglegra og mun hættulegri efna sem ekki skila nokkrum sköttum og valda mun meira álagi á samfélagið. Hugmynd SÁÁ er þó í það minnsta skoðunarinnar virði.

Sértekjur stofnana

Við höfum reynslu af að eyrnamerkja skatta, t.d. bensín- og olíugjald sem á að fara til uppbyggingar vegamála. Staðreyndin er hins vegar sú að þessir peningar skila sér á rétta staði, gera það með mjög sveiflubundnum hætti og stundum alls ekki. Þá eru ýmsar stofnanir sem hafa markaðar sértekjur. Nefna má sem dæmi Fjármálaeftirlitið, Umboðsmann skuldara, Hafrannsóknastofnun og fleiri. Í raun má halda því fram að flestar stofnanir ríkisins hafi einhverjar markaðar sértekjur.

Nú á niðurskurðartímum í kjölfar hrunsins hafa ýmsar stofnanir því haft mismunandi aðstæður til að koma sér undan samdrættinum. Það hefur neikvæð áhrif á heildarárangur í efnahagsstefnu landsins á hverjum tíma þó það hjálpi einstökum stofnunum að lifa af.

En það er líka ákaflega ósanngjarn að markaðar tekjur fari ekki til þeirra verkefna sem þeim var ætlað af löggjafanum á sínum tíma. Taka má dæmi af innheimtu nefnskatts t.d. til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Alls greiða 183.000 manns á aldrinum 16-69 ára í hann tæplega 1.000 krónur hver sem allavega nú um stundir fara óskiptar í sjóðinn. Ef við tökum RÚV hins vegar, þá gerir ríkissjóður ráð fyrir að fá inn 4.380 millj. og að RÚV fái 3.195 millj. af því. Rúmum milljarður af nefnskatti okkar fer því í sama farveg og tekjuskattur, virðisaukaskattur og önnur gjöld. Nefskatturinn til RÚV er 18.800 kr. á lögaðila. Spurningin er því: Ef RÚV þarf bara 3,2 milljarða, af hverju innheimtir ríkið 4,4 milljarða? Er verið að fela skattbyrðina, sýna lægri skattþróun? Af hverju er nefnskatturinn ekki lækkaður?

Sóknargjöld kirkjunnar

Ríkisvaldið tók að sér fyrir hönd söfnuða þjóðkirkjunnar að innheimta sóknargjöld. Áður fyrr innheimtu gjaldkerar söfnuðanna gjöldin beint af meðlimum kirkjunnar. Síðustu árin hefur ríkisvaldið innheimt full sóknargjöld en sett tvo milljarða, af tekjum söfnuðanna, í eigin vasa í nafni niðurskurðar. Sóknargjöld geta varla kallast sértekjur, hvað þá markaðar tekjur, því þau eru gjöld sem hver söfnuður á en fékk ríkisvaldið til að innheimta fyrir sig. Nú er svo komið að margar kirkjur líða fyrir skort á við-

haldi og margir söfnuðir þurfa að skera niður fjölskyldustarf sitt. Starf sem á tímum langtímaatvinnuleysis og erfiðleika vegna skulda heimilanna hefur aldrei verið mikilvægara. Auðvitað ætti að skila öllu til kirkjunnar sem innheimt er og hafi ríkisstjórnin viljað skera niður gjöldin átti ávinningurinn að lenda hjá fólkinu, safnaðar meðlimunum, en ekki í ríkiskassanum. Framsóknarflokkurinn vill standa vörð um þjóðkirkjuna og hennar mikilvæga starf. Ef þú finnst okkur eðlilegt að fjármunir söfnuðanna skili sér til þeirra.

Niðurstaðan

Setja þarf fram skýra stefnu varðandi markaðar tekjur/sértekjur. Í dag virðist ríkisvaldið nota þær með ýmsum hætti. Sumar stofnanir fá að halda sínum sértekjum sem kalla má þá markaðar tekjur. Á aðrar eru lagðir sérstakir nefnskattar sem skila sér þó ekki til viðkomandi stofnunar sbr. sóknargjöldin.

Ef allar tekjur, skattar, nefnskattar og þjónustugjöld rynnu til ríkisins sem síðan deildi tekjunum út til stofnana samkvæmt ákvörðunum fjárlaga mætti halda fram að auðveldara væri

að stýra heildarefnahagsstefnu ríkisins og hafa yfirlit yfir fjárreiður og fjárheimildir. Hins vegar hyrfi sá hvati sem stofnanir hafa að ná sér í sértekjur með slíku fyrirkomulagi. Einnig myndu upprunalegar ákvarðanir löggjafans varðandi einstakar stofnanir og málaflokka hverfa við slíkt kerfi. Allavega verður Alþingi og framkvæmdavald að hafa stefnu sem farið er eftir. Spyrja má ef allir nefnskattar, sértekjur, sóknargjöld o.fl. sem ekki skila sér til viðkomandi málaflokks en renna í ríkissjóð gerðu það ekki, þyrfti tekju-

skattsprósentan að hækka? Hver er heildarskattbyrði Íslendinga?

Við í Framsókn viljum að ríkissjóður sé rekinn með langtíma-markmiðum, lagafrumvörp sem fela í sér útgjöld verða líka að fylgja tekjuöflun á móti og að ríkiskerfi sé endurskipulagt með það að markmiði að lækka raunkostnað í rekstri. Hugsunin verði í raun sú sama og að reka heimili þar sem heildartekjur heimilisins verða að standa undir heildarútgjöldum. Í þeim aðgerðum verði forgangsraðað þannig að staðinn sé vörður um mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfið.



Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.



Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreignar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilgreinum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn Borgartúni 30 105 Reykjavík www.lifeyrir.is



PHILIPS

SJÓNVÖRP



PHILIPS

**Full HD
1080p**

Philips 32PFL3807T

- 32" LCD LED sjónvarp
- Full HD 1920x1080p Digital Crystal Clear
- 100 Hz Perfect Motion Rate
- Nettenging með Youtube
- Ljóssemi fyrir birtu í rýminu
- Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari
- 3x HDMI og 2x USB
- Scart, Ethernet, VGA og CI rauf
- Wifi möguleiki og EasyLink

**32"
LED**

TILBOÐ

99.995

FULLT VERÐ 129.995

**39"
LED**

Philips 39PFL3807T

TILBOÐ

149.995

FULLT VERÐ 169.995

**46"
LED**

Philips 46PFL3807T

VERÐ

219.995

FRÁBÆRT VERÐ

**50"
LED**

Philips 50PFL3807T

VERÐ

269.995

FRÁBÆRT VERÐ

Philips hefur hlotið EISA verðlaun fyrir sjónvörp 11 ár í röð. Í ár hlaut Philips verðlaun fyrir besta LED sjónvarpið og fyrir umhverfisvænasta sjónvarpið.



Heimplistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



JÓL Í TÍVOLÍNU

Á næsta ári fagnar Tívolið í Kaupmannahöfn 170 ára afmæli. Af því tilefni verða ný tæki tekin í notkun, garðurinn stækkaður og afmælisveislan verður vegleg. 16. nóvember næstkomandi verður jólatívolið opnað og verður áherslan lögð á rússneskan og norrænan jólamat.

TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ



Hnífaparatóskur - 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tekk
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Nú er farið að kólna og allra veðra von

Uppháu herrakuldaskórnir komnir aftur. Þeir eru úr leðri og fóðraðir með lambsgæru. Litir: svart og brúnt, stærðir: 40 - 48
Verð kr. 29.950.-



Sími 551 2070
Opíð mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Misty skor
Laugavegi 178



Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg - Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



KALKÚNABORGARI Í JÓLAFÖTUNUM

TEXASBORGARAR KYNNA Jólamborgararnir í ár á Texasborgurum við Grandagarð eru kalkúnaborgari og hreindýraborgari.

Frá og með deginum í dag verður boðið upp á tvenns konar hamburgara í jólabúningi á Texasborgurum, ekta amerískan kalkúnaborgara í anda þakkargjörðarháttíðarinnar sem er í næstu viku og rammíslenskan hreindýraborgara.

„Það er svolítið síðan við byrjuðum með hreindýraborgarann. Fólk hefur flykkst að til að smakka og fastakúnnarnir eru hæstánægðir,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Ég er sannfærður um að kalkúnaborgarinn á líka eftir að slá í gegn. Hann er einstaklega jólalegur og í anda þeirrar bandarísku hefðar sem staðurinn byggir á. Við berum kalkúnaborgarann fram í hamburgarabrauði með trönuberjasósu, salthnetum, maís, jöklasalati, rauðlauk og tómötum – og franskar fylgja að sjálfsögðu með.“

Við erum komin í jólaskap þannig að verðið er ótrúlega lágt, aðeins 1.290 kr.“ Hreindýraborgarinn er ekki síður freistandi, enda ekta íslensk villibráð í girnilegum búningi og hann kostar ekki nema 1.490 kr.

Hamburgararnir á Texasborgurum eru heimagerðir og stórir, 140 grömm, úr 100% gæðahræfni án allra aukaefna. Á matseðlinum er að finna ýmsar útgáfur af klassískum nautaborgurum og miklu meira til, en langvinsælast er Texas-ostborgaratilboðið. Hægt er að velja um að borða á staðnum eða panta og taka matinn með sér heim. Texasborgarar eru bæði með vefsíðu, Texasborgarar.is, og á Facebook þar sem meðal annars er hægt að skoða matseðilinn og tilboð sem alltaf eru í gangi á þessum jólalega hamburgarastað við gömlu höfnina.

FRÁBÆRT VERÐ
Kalkúnaborgari og franskar kostar aðeins 1.290 kr.



KALKÚNABORGARI
Jólaborgarinn í ár er borinn fram með fersku grænmeti, trönuberjasósu, salthnetum, maís og frönskum.
MYND/VILHELM

Vissir þú að...

ofðekkur er ein
birtingarmynd v a hræslu?



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

KitchenAid Professional



KitchenAid Professional hrærivél fyrir veitingahús og mötuneyti með 6,9 lítra stálkál og 1,3 hestafla mótör. Fjöldi aukahluta fánlegur.



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

LÖGGILT NÁM Í NETAGERÐ

Netagerð er þriggja ára samningsbundið lög-gilt iðnnám við Fisktækniskólann. Sérgreinar fagsins eru kenndar í skólanum en verkleg kennsla fer fram á netaverkstæði undir stjórn netagerðarmeistarara.

Að námi loknu á nemandi að vera fær um að hanna, búa til og viðhalda veiðarfærum þannig að þau standist allt álag sem þau verða fyrir í notkun ásamt því að útbúa þau svo að fiskihæfni og kjörhæfni verði sem mest, eftir því sem við verður komið.

Kennarar eru fagmenn í greininni ásamt kennurum í almennum greinum.

Námi í netagerð lýkur með sveinsprófi. Meistari metur hæfni nemandans til að fara í sveinspróf og sækir um próftöku fyrir hann. Bóklegar greinar fagsins taka að jafnaði tvær annir.



VIÐBÓTARNÁM

Að loknu sveinsprófi og viðbótarnámi fást meistararéttindi og eftir frekara viðbótarnám er hægt að öðlast réttindi til háskólanáms.



ENGAR FLUGUR Víða í útlöndum eru flugnet nauðsynleg til að verða ekki fyrir stungum um miðjar nætur.



FISKINET Net eins og flestir þekkja þau, notuð til veiða.

NET Í DAGLEGU LÍFI

NETIN NÝTT Hægt er að nota net á margvíslegan máta þó yfirleitt séu þau tengd veiðum. Fjölmargar hugmyndir í alls kyns hönnun eru sóttar í netagerð.

Net eiga sér langa sögu. Þau hafa verið notuð til veiða allt frá því á steinöld. Netin hafa þó víðari tilgang í dag en einungis þann að veiða fisk. Hönnuðir hafa til dæmis sótt innblástur til

þeirra og búið til flíkur úr netaefni og með netamynstri. Net eru einnig notuð í mörk og körfur sem eru notuð í boltaíþróttum og svo eru þau notuð á margvíslegan hátt til skreytinga í innanhússhönnun.



ALLTAF TÖFF Netasokkabuxur komast alltaf aftur í tísku ef þær hafa þá einhvern tíma dottið úr tísku. Þó þær séu yfirleitt gerðar úr nælioni en ekki neti þá er mynstrið það sama.



ALLT Í NETI Hinar ýmsu flíkur hafa verið gerðar úr neti eða neta-mynstri.

LEGID Í NETI Nethengirúm eru þægileg til að liggja í úti á hlýjum sumardögum og slappa af.



MARK! Net gegna stóru hlutverki í heimi íþróttanna enda eru þau meðal annars notuð í mörk og körfur.

VELDU RÉTT!

LÉTT
Santa Fe Salat
385 kcal.
Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósín, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasíðir og venjur.

Bókið auglýsingar tímanlega:

Atli Bergmann atlib@365.is 512 5457	Jónína María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473
Benedikt Freyr Jónsson benni@365.is 512 5411	Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is 512 5432
Elsa Jensdóttir elsaj@365.is 512 5427	

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Alhliða veiðarfæraþjónusta í höndum fagmanna

Viðtæk þekking og reynsla í uppsetningu og gerð veiðarfæra

Stöðug þróun veiðarfæra í samvinnu við sjómenn og útgerðir.

Veidarfæraþjónusta
Gúmmibátþjónusta
Fiskeldisþjónusta

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími: 4700 800 Fax: 4700 801
FJARÐANET
Neskaupstaður / Fjáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is fjardanet@fjardanet.is Fjardanet er aðili að Hampidjan Group

ÍSNET VEITIR FJÖLBREYTTA VEIÐARFÆRAÞJÓNUSTU

ÍSFELL KYNNIR Fyrirtækið Ísfell rekur sex netaverkstæði hérlendis undir heitinu Ísnet. Flestar stærri útgerðir landsins eru í viðskiptum hjá Ísnet en fyrirtækið hefur á að skipa vel menntuðum starfsmönnum.

Ísfell er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á sviði veiðarfæraþjónustu og sölu á útgerðarvörum, björgunarförum og ýmsum rekstrarvörum fyrir sjávarútvegs- og iðnfyrirtæki. Fyrirtækið rekur sex netaverkstæði hérlendis undir heitinu Ísnet þar sem veitt er alhliða veiðarfæra- og verslunarþjónusta með útgerðar-, rekstrar-, og björgunarförum. Magnús Eyjólfsson, sölu- og markaðsstjóri Ísfells, og Birkir Agnarsson, framleiðslustjóri Ísfells, segja starfsmenn netaverkstæðanna búa yfir mikill þekkingu og starfsreynslu sem nýtist vel íslenskum sjávarútvegi. „Nú höfum við á að skipa tuttugu starfsmönnum á verkstæðum okkar víða um land enda áhersla á þjónustu í heimabyggð,“ segir Magnús. „Það gerir okkur kleift að flytja til verkefni milli starfsstöðva og þannig getum við afgreitt mjög stór verkefni á skömmum tíma. Við getum líka fært til mannskap tímabundið milli stöðva ef verkefni kalla á það. Starfsmenn okkar eru reynslumiklir og hver starfsstöð hefur ákveðna sérhæfingu. En til samans getum við tekið öll verkefni að okkur.“

MENNTUN SKIPTIR MÁLI

Starfsmenn netaverkstæða Ísfells sinna bæði almennri framleiðslu og hönnun á nýjum veiðarfærum ásamt viðhaldi og viðgerðum á eldri veiðarfærum. Magnús og Birkir benda á að mikil verðmæti liggja í veiðarfærum og því skiptir miklu máli fyrir útgerðarmenn og skipstjórnendur að geta stólað á sérfræðinga Ísfells á þessu sviði sem geta metið kostnað við breytingar og lagfæringar.

„Við leggjum líka mikla áherslu á menntun starfsmanna okkar. Nýlega tókum við til dæmis inn þrjá starfsmenn hjá okkur sem eru að læra veiðarfæragerð á námssamningi. Það skiptir okkur miklu máli að hér séu sem flestir starfs-



menn menntaðir sem veiðarfæramenn. Auk þess eru á öllum þjónustustöðvum okkar faglærðir menn í forsvari.“

STÖÐUG ÞRÓUNARVINNA

Helstu viðskiptavinir Ísfells eru útgerðarfélög en fyrirtækið þjónustar flestar stærri útgerðir landsins. „Það fer fram mjög fjölbreytt starfsemi á vegum okkar, allt frá því að fella þorskanet í að framleiða stærstu gerðir af flottrollum og loðnunótum og síldarnótum og allt þar á milli. Á



þjónustustöðvum okkar sinnum við í raun veiðarfæragerð frá a til ö.“

Magnús og Birkir benda einnig á að stór hluti af starfsemi Ísfells felist í þróun á veiðarfærum. „Við erum stöðugt að leitast við að framleiða hagkvæmari veiðarfæri, bæði léttari til að spara olíu og jafnframt vinnum við með birgjum okkar við þróun á efni til veiðarfæragerðar. Við erum meðvitaðir um að vinna með útgerðum og fáum meðal annars skipstjóra í lið með okkur til að þróa vörurnar.“

LOÐNUNÓT Myndin til vinstri sýnir starfsmenn vinna við loðnunót hjá Ísneti í Hafnarfirði.

MYND/ANTON

REYNSLA

„Starfsmenn okkar eru reynslumiklir og hver starfsstöð hefur ákveðna sérhæfingu.“

Í VEIÐIFERÐ MEÐ GULLTOPPI

ÁRÍÐ 1937 Í Lesbók Morgunblaðsins 28. febrúar 1937 birtist grein eftir Sigurð Benediktsson blaðamann sem fór í veiðiferð með togaranum Gulltoppi. Með því vildi hann gefa lesendum blaðsins innsýn í líf togarasjómanna. Áhugaverð frásögn sem hægt er að nálgast á Timarit.is en hún lýsir vel tíðarandanum. Hér er gripið niður í greinina þar sem veiðarfærinu er lýst.

Ekki veitir veiðarfæri eða nokkurt annað áhald hefur fyrr né síðar komið okkur Íslendingum að jafnmiklu liði í lífsbaráttunni og botnvarpan. Fyrir hennar tilvernað hafa framfaraguleikar þjóðarinnar skapast beint og óbeint hina síðustu áratugi. Hún hefur veitt milljónum króna inn í landið og veitt þúsundum manna lífsframfæri. Botnvarpan, eða „trollið“, eins og þetta veiðarfæri er venjulega nefnt í daglegu tali, fundu Englendingar upp. Notuðu þeir það fyrst á seglskútum í Norðursjónum laust eftir 1850 (bómutrollið).

Næstu áratugi var það mikið endurbætt, t.d. voru settar á það botnskófur eða járnbyrddir tréhlerar, sem strjúkast eftir botninum og halda netinu opnu. Fyrir nokkrum árum kom franska „patentið“ til sögunnar, en það er í því fólgið, að 15-30 faðma strengir eru hafðir úr hlerunum og í netið. Áður voru hlerarnir fastir við netið. Aðalhlutur trollsins, þessa gullháfs fiskiþjóðanna, er toppnetið, en það er efri vængur netsins, sem skagar lengst fram í sjóinn, þegar það er dregið eftir botninum, og varnar fiskinum að synda upp fyrir það, þegar það nálgast. Aftan við toppnetið tekur svo við belgurinn og aftastur liggur pokinn eða belgtotan, sem að neðan er gerður úr uxahúðum. Þangað safnast fiskurinn meðan á toginu stendur. Pokinn er einnig notaður til að innbyrða fiskinn, og af því er talað um að þetta og þetta margir þegar hafi fengið í hverju hali, eða „holi“, eins og sjómenn kalla það. Neðan á netið eru festar járnkúlur, eða sívalir tréhnallar, sem bobbingar nefnast. Þetta er gert til þess að netið rifni síður, þar sem botn er ósléttur. Efri armur (höfuðlína) netsins er aftur á móti alsettur litlum álkúlum til að halda því uppi. Annars mundi netið leggjast saman og dragast eins og gólfmotta eftir hafsbotninum. Dráttarstrengirnir, eða trollvínarnir, eru tveir, sinn í hvorn hlera, og



eru festir í kefli gufuspilsins, sem er á þilfari framantvert við mitt skipið. Þessir vírar, sem venjulega eru um 500 faðma langir, leika í hinum svonefndu gálgum, en þeir eru tveir á hvorri hlið skipsins, annar framundir stefni, en hinn afturundir skut.

Frá gufuspilinu liggja vírarnir báðir fram dekkið og gegnum masturspallana. Þar skiptast þeir og sá sem liggur í afturhlerann leikur um trissu á bordstokknum, sem nefnd er síðupolli, og þaðan aftur með lunningunni að innan og í fótrúllu, eða polla, afturgálgans og þaðan upp í topprúlluna. Þar taka við keðjurnar, sem tengja vírinn í sjálfan hlerann. Vírinn í fremri gálganum fer beint úr masturspollanum í fótrúllu fremri gálgans og upp í topprúlluna, uns keðjunni er náð. Þegar kastað er og trollið komið í botn, eru báðar dráttartaugarnar

hespaðar inn í dálítið járnauga aftast á skipinu, sem nefnt er togblökk. Þetta er gert til þess að minna slingur komi á vírana og dráttarorka skipsins nái sem beinustu taki á trollinu. Hve mikill vír er „gefinn út“ fer eftir dýpinu, sem togað er á, í það og það skipti. Venjuleg lengd dráttartauganna, meðan á togun stendur, er þrisvar sinnum dýpið. Meðan trollið er innbyrt og losað, og því aftur varpað fyrir bord, er skipið stöðvað. En þegar búið er að velta vörpunni fyrir bord, er slakað á taugunum, uns komnir eru út 15-20 faðmar. Þá er skipið komið til gangs og því stýrt í stóra hringi og vörpunni slakað til botns, þegar skipið er komið á beina stefnu.

Venjulega er togað í eina klukkustund, en skemur ef vel fiskast, en lengur ef treglega gengur.“

BREYTINGAR Veiðarfærin hafa stækkað og breyst í árána rás.

Skoðið
teikningar
á bygg.is

BÚUM
BETUR



bygg.is



Sjálandi Garðabæ

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Löngulínu 15-23 í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 67-157 fm.

Íbúðirnar verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórri timburverönd. Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum.

Fjölskylduvænt hverfi í fallegu umhverfi

Sjáland er við Arnarnesvog í Garðabæ, fjölskylduvænu og fallegu umhverfi við sjávarsíðuna. Ökuleiðir til og frá hverfinu eru greiðfarnar, stutt í Smáralind og miðbæ Garðabæjar. Vestast við voginn er náttúruleg fjara og í framhaldi af henni er sjóbaðsströnd sem snýr í sólarátt. Skóli og leikskóli eru í hverfinu. Strandlengjan verður öll opin almenningi og gangstígur tengir hana og hverfið við miðbæ Garðabæjar.

150 m gönguleið í leikskóla og 350 m í grunnskóla



REYNSLA • FAGMENNSKA • METNAÐUR

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími: 520 9586 - Fax: 520 9599

FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf
Öðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

 **FJÁRFESTING**
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 28 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12		13		
	14			15
16		17		
18		19	20	
21				

LÁRÉTT

2. íþróttafélag, 6. kusk, 8. spíra, 9. atvikast, 11. bókstafur, 12. sjúga, 14. sáldur, 16. tveir eins, 17. hylur, 18. drulla, 20. sjó, 21. könnun.

LÓÐRÉTT

1. fyrst fædd, 3. slá, 4. plöntutegund, 5. mánuður, 7. galli, 10. skammstöfun, 13. skrá, 15. hvæs, 16. missir, 19. kyrrð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. fram, 6. íó, 8. ála, 9. skei, 11. pí, 12. tötta, 14. svartf, 16. tí, 17. lón, 18. aur, 20. sæk, 21. próf. LÓÐRÉTT: 1. elst, 3. rá, 4. alparós, 5. maí, 7. ókostur, 10. etv, 13. tal, 15. fræs, 16. tap, 19. ró

Jafnrétti og annað röfl

BAKPANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur

Svona var þetta nú í gamla daga Skrakkar mínir," sagði kennarinn með áherslu og við, tíu ára, áttum ekki til orð. Við vorum í samfélagsfræðitíma og höfðum lesið það í bók að í „gamla daga“ hefðu karlar haft tvær krónur í dagslaun við að bera saltfisk. Konurnar eina krónu. Þó unnu þau hlið við hlið frá morgni til kvölds og gott ef í bókinni var ekki svart-hvít ljósmynd af karli og konu að rogast með bretti af saltfiski á milli sín. Þá hélt ég auðvitað að svona vitleysa væri liðin tíð. Þegar ég yrði stór yrðu allir búnir að fatta að allir eru jafnir.



Ég lærði með tímanum að sú er ekki raunin. Fólk horfir alls ekki sömu augum á stelpur og stráka, hvað þá konur og karla. „Launamisrétti kynjanna“ er svo þreytt og margtuggin klisja að við kippum okkur ekkert upp við hana þegar hana ber á góma. Hún á sinn fasta sess í tungumálinu. Ég hef líka lært að jafnrétti og feminísmi séu svo „leiðinleg“ og óvinsæl umræðuefni að fjöldi

manns hætti að lesa þennan pistil um leið og sást hvert stefndi. Nennti því ekki.

Það hefur líka runnið upp fyrir mér að ég mun ekki lifa það að sjá konur og karla metin til jafns. Unglingar í dag hafa gamaldags skoðanir á hlutverkum kynjanna, ef marka má nýlegar kannanir, og þá fóru um netmiðla eins og eldur í sinu fréttir af niðurlægjandi framkomu gagnvart stúlkum á íþróttamóti eins framhaldsskóla um daginn. Viðkomandi baðst afsökunar í kjölfarið, sem betur fer.

„LÁTTU ekki svona. Það hefur mikið áunnist á síðustu árum í jafnréttismálum,“ gæti einhver sagt. „Róm var nú ekki unnin á einum degi, barátta tekur tíma, góðir hlutir gerast hægt!“ En þetta eru alveg jafn margtuggnar klisjur og þreyttar þegar kemur að umræðu um jafnrétti, finnst mér.

ORDIÐ „stelpa“ á sinn fasta sess sem skammaryrði í tungumálinu, „kelling“ líka og gefnar eru út heilu bækurnar um svo úreltar staðalímyndir kynjanna að manni liggur við gráti. Það er ekki einu sinni hægt að hlæja að þessum bókum og af hverju ættum við líka að gera það? Sú kynslóð sem elst upp við boðskap þeirra mun ekki heldur fatta að allir eru jafnir.



Síðasta sýning!

Góí og Góí Baunagrasið

Bráðskemmtileg og fyndin leiksyning fyrir alla fjölskylduna

Sun 18/11 kl. 13:00 Örfá sæti



Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





RAFVÖRU MARKAÐURINN

LJÓSAKRÓNUR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK



19.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



15.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA

FJÓRIR LITIR



9.995

LJÓSAKRÓNA



18.495

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



BLÁTT



BRÚNT



BLEIKT



9.995

LJÓSAKRÓNA



19.995

LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA



14.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK



14.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL



14.995

LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL



11.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



17.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK



17.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL



11.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



9.975

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA GYLLT




14.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK



14.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL



5.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST



7.995

LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA GYLLT




18.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK



18.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL



11.995

LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9 - 18

Laugard. kl. 10 - 16

Sunnud. kl. 12 - 16



BAROKK Í SALNUM Matthías Nardeau óbóleikari og Elísabet Waage hörpuleikari spila franskt barokk á tónleikaröðinni Líttu inn í hádeginu í Salnum, Kópavogi. Tónleikarnir hefjast klukkan 12.15. Miðaverð er 1.000 krónur.

ÁRSFUNDUR LISTAHÁSKÓLANS 2012

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS BOÐAR TIL ÁRSFUNDAR MIÐVIKUDAGINN 21. NÓVEMBER KL. 16:30.

Fundurinn verður haldinn í tónlistarsal skólans við Sölvhólgötu, gengið inn frá horni Skúlagötu og Klapparstígs.

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn er öllum opin.
Stjórn Listaháskóla Íslands

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

ÞAÐ ERU ENGINN HÖFT Á VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

VÍSI
-oft á dag

Prekvirki um ást og illsku

Bækur ★★★★★

Illska

Eiríkur Örn Norðdahl

Mál og menning

Illska fjallar um ástarsamband Ómars Arnarsonar og Agnesar Lukauskas. Hún fjallar líka um ástarsamband Agnesar Lukauskas og nýnasistans Arnórs Þórðarsonar. En fyrst og fremst fjallar hún um helförina á hugvitssamlegan og hressilegan máta. Það er mikil leikgleði í textanum þótt hann fjalli öðrum þræði um skelfilegasta harmleik mannkynssögunnar. Sagan nær yfir langan tíma og ótrúlega mikið landsvæði; Ísland þvert og endilangt, Evrópu þvera og endilanga. Ómar flýr frá Agnesi og eltist við hana og Agnes flýr frá og eltist við Arnór, fram og til baka. Sagan af þessum magnaða ástarþríhyrningi kallast svo á við söguna af forfeðrum Agnesar á tímum helfararinnar, auk þess sem ævisögur ástfangna fólksins eru tíundaðar. Þau sem láta náttúruleysið í íslenskum samtímabókmenntum fara í taugarnar á sér eiga hér von á góðu. Illska er að mörgu leyti mjög líkamleg bók (og já, mikið xxxó í henni) enda umfjöllunarefnið stórar ástríður og mikil örlög. Samband höfundar við lesanda sinn er líka betra en gengur og gerist og á köflum



telur hann á sína ábyrgð að halda lesendum við efnið, er með ýmsa útdúra og grín og hrósar jafnvel sjálfum sér fyrir vel unnin störf: „Askar sveif upp í loft og stíflaði flugleiðirnar einsog slímþrungin vorpest í nefholi himinhvolfanna (finnst ykkur það ekki frábær myndlíking?).“ (177)

Í Illsku er að finna djúpar þælingar um eðli fasismans – og líka ekki svo djúpar, en stórfyndnar vangaveltur sem fá mann til að snökta af hlátri. Þau sem hafa helförina á heilanum munu fá vatn á myllu þráhyggju sinnar. Og þau sem ekki hafa kynnt sér helförina


að gagni munu fá að vita allt um hana. Þetta „allt“ er matreitt á svo skemmtilegan hátt að erfitt er að ímynda sér að hægt sé að gera betur. Sagan er líka fléttuð af fimi og öryggi; hver kafli á sínum stað, þótt formið sé tilraunakennt.

Fróðleikurinn um helförina ætti ekki einungis að vera ómetanlegur þeim sem eru forvitnir um þetta tímasteið í sögunni, heldur líka þeim sem láta sig samtíma sinn nokkru varða. Ef marka má Eirík Örn, þá liggja fasískar hugmyndir alls staðar í leyni og hverri hugsandi manneskju ber skylda til að vera vel á varðbergi. Kannski er það niðurstaða verksins að svarthvítur heimur sé ekki til – að hrein illska sé ekki til, heldur geti óttinn sem býr innra með okkur (nærður við ákveðnar aðstæður) skapað ólýsanlegar hörmungar á borð við helförina.

Illska er stór og mikil bók (540 síður) en aldrei fær lesandi á tilfinninguna að það hefði mikið stytta hana. Hún er bara nákvæmlega eins og hún á að vera: Fróðleg, skemmtileg, sorgleg og myndin. Hún miðlar sagnfræði, ástarsögu, heimspekilegum þælingum og gamanmálum ... (hér vantar meira pláss). Allt er þetta svo vel gert, frumlegt og flott að það er eiginlega óhugnanlegt.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

Niðurstaða: Klikkuð bók. Lesið hana!



BMW X5 M SPORT

Ekki sætta þig við málamiðlanir þegar þú getur fengið það besta. BMW X5 M SPORT fæst með misafmíklum vélum, 8 gíra sjálfskiptingu og veglegum búnaði. Komdu við og skoðuðu það nýjasta frá BMW.

BMW M Sport xDrive

30d, 245 hestöfl – 7,4 l / 100 km* – 7,6 sek. í hundrað
40d, 306 hestöfl – 7,5 l / 100 km* – 6,6 sek. í hundrað

ATHUGIÐ!

Tryggið ykkur nýjan BMW X5 á hagstæðu verði. Breytingar verða á vörugjöldum 1. jan. nk.

Verð frá: 13.790 þús.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

SKÁLDIÐ STÍGUR FRAM

Með *Skáldi* lýkur Einar Kárason Sturlunga- sögu sinni. Í *Óvinafagnaði* var Þórður kakali í sögumiðju, í *Ofsa* þeir Gissur Þorvaldsson og Eyjólfur ofsi en hér er það skáldið Sturla sem lifði þessa róstudömu tíma og færði okkur þá í frásögnum sínum.



EINAR KÁRASON




MÁL OG MENNING



„Einari Kárasyni virðist það ... sérstaklega tamt að gæða persónurnar í bókum sínum lífi og nær að skila þessum fornmönnum og forfeðrum þannig að við sjáum þá ljóslifandi fyrir okkur.

Fólk með breyskleika og húmor.“
HARALDUR JÓNASSON / FRÉTTATÍMINN



40 ÁR FYLLIR LEIKARINN Josh Duhamel í dag en hann fagnar þessum tímamótum eflaust ærlega með eigin konu sinni, Fergie úr hljómsveitinni The Black Eyed Peas.

Var mjög ströng

Leikkonan Anne Hathaway var lengi að jafna sig eftir hlutverk sitt í Les Misérables, eða Vesalingunum. Þar leikur Hathaway vændiskonuna Fantine en hún opnar sig í viðtali við nýjasta tölu- blað bandaríska Vogue. „Ég missti alls ellefu kíló og varð að vera mjög ströng við mig. Þegar ég lít til baka sé ég ekki eftir þessu en þetta var óneitanlega skrítn lífsreynsla,“ segir Hathaway sem borðaði ekkert nema litla skammta af hafragraut í tvær vikur. „Ég var alveg tóm í lokin, bæði líkamlega og tilfinningalega. Það tók margar vikur að jafna sig og verða eðlilegur á ný.“ Les Misérables er beðið með



TÓK Á Anne Hathaway léttist um ellefu kíló er hún bjó sig undir hlutverk vændiskonunnar Fantine í Les Misérables. nokkurri eftirvæntingu en hún er ein af jólamyndunum í ár.



SÁTT Kristen Stewart og Robert Pattinson stílltu sér glöð upp saman fyrir myndavélarnar. Hún vakti athygli í gegnsæjum blúndukjól en hann var í grænum jakkafötum.



BROSMILD Nikki Reed og Paul McDonald létu sig ekki vanta á rauða dreglinn.

GALAKJÓLL Ashley Greene mætti í drag- síðum galakjól.

Sígræna jólatréð

-eðaltré ár eftir ár!



Skátahreyingin hefur um árabíl selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir (90-500 cm)
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Veldur ekki ofnæmi
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is



SAMEINUÐ Á FRUMSÝNINGU

Augu slúðurpressunnar voru á rauða dreglinum í Los Angeles á mánudagskvöldið þegar lokamyndin í Twilight-seríunni, The Twilight Saga: Breaking Dawn Part 2, var frumsýnd. Ástæðan var sú að aðalleikararnir Kristen Stewart og Robert Pattinson voru í fyrsta sinn saman opinberlega síðan leikkonan viðurkenndi framhjáald sitt í sumar. Allt lék í lyndi á rauða dreglinum þar sem allir leikarar myndarinnar flöguðu sínu fegursta frá toppi til táar.



ÚTGÁFU- FAGNAÐUR

Útgáfu nýrrar skáldsögu Þórarins Eldjárns, *Hér liggur skáld*, verður fagnað í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18, miðvikudaginn 14. nóvember kl. 17-19.

Léttar veitingar í boði og hljómsveitin Unnar kjötvörur leikur af fingrum fram.

Höfundur les úr bók sinni, áritar hana og segir frá henni og fleiri bókum sem hann er með á sínum snærum í aðdraganda jóla.

Verið velkomin!



VAKA-HELGAPELL
www.forlagid.is

Söguleg skáldsaga í sérftokki

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



SÆT Leikkonan Mackenzie Foy leikur dóttur Stewart og Pattinson í myndinni.



SKRÍTINN SKÓBÚNAÐUR Elle Fanning vakti athygli í föbléikum kjól og sérkennilegum skóm.



GRÁR Taylor Lautner var í gráum jakkafötum við gráa skyrtu.

Gemmér nammi!

Bíó ★★★★★

Wreck-It Ralph

Leikstjórn: Rich Moore. **Leikarar:** John C. Reilly, Sarah Silverman, Jack McBrayer, Jane Lynch, Alan Tudyk.

Í spilasal herra Litwaks láta tölvuleikjapersónurnar að stjórn spilaranna á opnunartíma, en eftir lokun sinna þær einkalífina. Sumar fara á fund í stuðningsgrúppunni sinni og aðrar fara á barinn. Wreck-It Ralph starfar sem illmenni í leiknum Fix-It Felix, Jr. en í lok vinnudagsins er hann enn þá litinn hornauga af öðrum persónum leiksins. Þrátt fyrir starfið er hann góðhjartaður en býr aleinn á ruslahaug og á enga vini. Að lokum fær hann nóg og ákveður að stinga af úr tölvu-



leiknum, og koma ekki aftur fyrr en hann hefur sannað ágæti sitt. Það fer að verða óþarfi að taka það fram hversu tæknilega vel gerðar tölvuleiknimyndir Disney eru. Wreck-It Ralph er engin undantekning og það er hrein unun að gleyma sér í lita- dýrðinni og öllum glæsilegu smáatriðunum sem tæknideildin hefur nostrað við. Nær helmingur myndarinnar gerist í tölvuleik að nafni Sugar Rush, eins konar stafrænu sælgætislandi þar sem hina barnungu Vanellope von Schweetz dreymir um að keppa í kappakstri, og hætt er við að

nammigrísir á borð við undirritaðan eigi eftir að sitja með slef- tauminn hangandi úr skoltinum allan tímann.

Ög ekki vantar hressleikann. Við fáum góðan skerf af humor, æsilegan kappakstur og fullt af sígildum tölvuleikjapersónum í feluhlutverkum. En það vantar einhvern neista. Ekki er við leik- arana að sakast. John C. Reilly og Sarah Silverman skila sínu og gott betur. Mig grunar að vandamálið sé að finna í hand- ritinu. Hugmyndin er frábær en framkvæmdin aðeins of dæmi- gerð. Þá er takturinn misjafn og myndin langdregin á köflum. En skemmtanagildið er til staðar og ég mæli sterklega með því að sæl- gæti sé haft í seilingarfjarlægð. Annars munt þú líklega brjálást.

Niðurstaða: Skemmtileg en helst til dæmigerð.

FORD KA Trend Plus frá 1.780.000 kr.

Komdu og kynntu þér nýjan Ford Ka í dag. Veldu ódýrasta nýja bílinn. Veldu sparneytinn Ford Ka og hafðu rekstrarkostnaðinn lágan. Fær frítt í stæði í 90 mínútur í senn í Reykjavík. Frábær í endursölu. Nútímaþægindi og lipur í innanbæjarakstri. Vel búinn og með frábæra aksturseiginleika. Fáðu Ford Ka á aðeins 1.780.000 kr. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is



**KYNNTU ÞÉR
GREIÐSLUKJÖRIN**

Settu gamla bílinn uppí
nýjan og spyrðu um
lánamöguleikana.
Komdu í kaffi.

FORD KA TREND PLUS

FRÁ

9.866 kr./mán.*



* Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýrings CO₂ 115 g/km. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppþökubíl / útborgun að verðmæti 1.200.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,88%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

LAUGARÁS BIÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

miði.is Miðasala og nánari upplýsingar

SKYFALL POWERSÝNING! KL. 10 14K

PITCH PERFECT 12

WRECK-IT RALPH 3D MED ÍSL. TALI

TEDDI 6

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

SKYFALL	7, 9, 10(P)
WRECK-IT RALPH 3D	6
PITCH PERFECT	8, 10, 15
TEDDI 2D	6

SAMBÍÓIN SAMbio.is

ARGO APFLECK CRANSTON ARKIN GOODMAN

WRECK-IT RALPH 3D MED ÍSL. TALI

CLOUD ATLAS TOM HANKS HALLE BERRY

SKYFALL 007

ARGO KL. 5:30 - 8 - 10:30

ARGO VIP KL. 5:30 - 8 - 10:30

WRECK IT RALPH ÍSL. TALI 3D KL. 5:50

WRECK IT RALPH M/ÍSL. TALI KL. 5:50

WRECK IT RALPH ENSKT. TAL. KL. 5:50 - 8 - 10:10

HOPE SPRINGS KL. 5:50 - 8 - 10:30

HOUSE AT THE END OF THE STREET KL. 8 - 10:20

END OF WATCH KL. 8 - 10:30

ARGO KL. 8

WRECK-IT RALPH ÍSL. TALI 3D KL. 6

WRECK-IT RALPH ENSKT. TAL. KL. 10:20

BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL. TAL. KL. 6

HOPE SPRINGS KL. 8

END OF WATCH KL. 10:20

ARGO KL. 5:30 - 8 - 10:30

CLOUD ATLAS KL. 8 - 10:20

WRECK-IT RALPH ÍSL. TALI 3D KL. 5:30

WRECK-IT RALPH ENSKT. TAL. KL. 8

HOPE SPRINGS KL. 5:40 - 8

END OF WATCH KL. 5:40

HOUSE AT THE KL. 10:20

WRECK IT RALPH M/ÍSL. TALI KL. 5:50

SKYFALL KL. 6 - 8 - 9 - 10

ARGO KL. 8

SKYFALL KL. 10:30

HOPE SPRINGS KL. 8

END OF WATCH KL. 10:10

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGI SELD SÉR 5%

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS 5%

SMÁRABÍÓ

CLOUD ATLAS	KL. 5.30 - 8	16
PITCH PERFECT	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI	KL. 3.40 - 5.50	7
SKYFALL	KL. 5 - 8 - 9	12
SKYFALL LÚXUS	KL. 5 - 8	12
TEDDI LANDKÖNNUBUR	KL. 3.30	L
FUGLABORGIN 3D ÍSL. TAL.	KL. 3.30	L

HÁSKÓLABÍÓ

CLOUD ATLAS	KL. 5.30 - 9	16
SKYFALL	KL. 6 - 9 - 10.10	12
TAKEN 2	KL. 10.30	16
LOVE IS ALL YOU NEED	KL. 8	L
DJÚPIÐ	KL. 5.50 - 8	10
THE DEEP ENSKUR TEXTI	KL. 5.50	10

BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS

CLOUD ATLAS	KL. 8	16
PITCH PERFECT	KL. 8	12
SKYFALL	KL. 5.20 - 10.10	12
HOTEL TRANSYLVANIA	KL. 6	7

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

Meiri metnað, takk!

Tónlist ★★★★★

Friðrik Ómar
Outside the Ring

Rigg

Outside the Ring er fimmta sólóplata Friðriks Ómars og sú fyrsta sem er eingöngu með frumsömdu efni. Friðrik er afkastamikill og á að baki fjölmargar plötur sem flytjandi, bæði einn og í samstarfi við aðra, til dæmis Guðrúnu Gunnars, Jógvan og Regínu Ósk. Friðrik Ómar er ágætis söngvari og þessi plata er eflaust stórt skref fyrir hann á ferlinum. Hún er líka að mörgu leyti fagmannlega unnin. Vandamálið er bara hvað tónlistin á henni er mikil klisja. Bæði laga- og textasmíð-



FRÍÐRIK ÓMAR

arnar hljóma eins og mörg önnur lög úr heimi júrú- og danspopp. Textarnir, sem eru á ensku, fjalla flestir um ástina og hljóma eins og þeir séu endurunnir upp úr ótal öðrum textum. Það er mikill munur á textunum hér og t.d. hjá Páli Óskari sem einnig starfar í heimi diskós og júrúpopp. Palli setur alltaf eitthvað af sjálfum sér í textana, en hér er ekkert nema endurtekningar á gömlum frösum. Undantekningin er ljóð Steins Steinars, Utan hringsins, en orðsnilld skáldsins skilar sér ekki vel í ensku þýðinguna. Nú er það auðvitað



ekki endilega tilgangurinn með plötuútgáfu að gera eitthvað nýtt og ferskt og kannski er til fullt af fólki sem tekur þessari plötu fagnandi. Persónulega finnst mér hún alltof flöt og óspennandi. Meiri metnað takk!

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Fagmannlega unnið, en óspennandi.

BIÓ PARADÍS Evrópustofa

ÞÉR ER BOÐIÐ Í BIÓ FÖSTU-DAGINN 16. NÓVEMBER KL. 19

Hægt verður að velja um fjórar myndir sem allar hefjast kl. 20; Alpna eftir Giorgos Lanthimos, Strák á hjóli eftir Dardenne bræður, Hafíð djúpa bláa eftir Terence Davies og Gaurana eftir Olivier Dahan.

REYKJAVÍK EUROPEAN FILM FESTIVAL

16.-25. NÓVEMBER 2012

• 11 NÝJAR EVRÓPSKAR MYNDIR • LUX VERÐLAUN EVRÓPUÞINGSINS • MYNDIR SEM FJALLA UM KYNBUNDIÐ OFBELDI (SYNDAR Í SAMSTARFI VIÐ UN WOMEN) • ÞAGNARÞRÍLEIKUR THEO ANGELOPOULOS

MIÐAVERÐ AÐEINS: 500 KR. FIMM MYNDA PASSI: 2000 KR.

WWW.BIOPARADIS.IS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BIÓ PARADÍS

MIÐVIKUDAGUR: SHADOW DANCER 18:00, 20:00, 22:00 ■ BIÓDOX: JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 18:00 ■ BIÓDOX: WONDER WOMEN (L) 20:00 ■ BIÓDOX: MARINA ABRAMOVIC: THE ARTIST IS PRESENT (L) 22:00 ■ BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00, 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 4. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 22:15 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÈRE) (14) 17:30

BIÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRÍ BORGARA.

THE GODFATHER

BOX - MÁLTÍÐ



Safaríkur Tower® borgari
með bragðmikilli ítalskri sósu,
kjúklingabiti, maís*, franskar og gos.

Allt þetta á aðeins **1490** krónur!

* Eða annað meðlæti að eigin vali.



SVOOOGOTT™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS

Landsliðsfyrirliðið Hrafnhildur Ósk Skúladóttir lætur til sín taka utan vallar:

Reddaði skóm á allt landsliðið

HANDBOLTI Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, fyrirliði Vals og íslenska kvennalandsliðsins, fer fyrir sínu liði jafnt innan sem utan vallar. Hrafnhildur og félagar hennar í landsliðinu eru að fara að keppa á sínu þriðja stórmóti í röð í næsta mánuði en það þurfti einkaframtak frá henni sjálfri til að útvega nýja skó á allar landsliðs-stelpurnar.

Fréttablaðið heyrði í Hrafnhildi og fékk að heyra söguna á bak við það þegar hún komst í tengsl við forsvarsmann Mizuno-umboðsins.

„Alexander Petersson er á skósamningi hjá Mizuno og hann reddaði mér Ólympíuskóm,“ sagði Hrafnhildur en Mizuno framleiddi sérlínu fyrir Ólympíuleikana í London. „Svo fer ég út og hitti þennan Mizuno-mann ásamt konunni hans Alex (Eivor Pála Blöndal) sem er ein besta vinkona mín. Þar lendi ég bara á spjalli við hann og enda á því að koma út með skósamning. Þetta var mjög fyndið og svolítil tilviljun,“ rifjar Hrafnhildur upp.

„Ég er búin að glíma við hásinavandamál og þarf að skipta um skó svo oft. Ég þarf helst að skipta á fjögurra til fimm mánaða fresti og það er því dýrt að þurfa að fara kaupa sér skó á 30 þúsund krónur á fjögurra mánaða fresti,“ segir Hrafnhildur sem reddaði ekki bara skóm fyrir sjálfa sig.

„Ég var síðan í meira sambandi við hann og þá spyr hann hvort að það væru ekki einhverjar stelpur í landsliðinu sem vildu prófa nýju skólínuna þeirra. Út frá því hafði ég samband við landsliðs-stelpurnar og reddaði þeim fullt af skóm,“ segir Hrafnhildur. Stelp-



FIMMTI LEIKURINN Á TÍU DÖGUM Hrafnhildur Ósk Skúladóttir í leik með Val í gærkvöldi.

urnar fá ekki mörg fríðindi fyrir að halda Íslendingum meðal bestu handboltapjóða heims.

„Það er síðan bara grín hvernig þetta er í kringum okkur. Stelpurnar í 16 ára landsliði kvenna í Danmörku koma drekkhlaðnar af alls konar búningum, vörum og göllum. Þær eru að fá haug gefins fyrir að komast í einhver unglíngalandslið en unglíngalandsliðin okkar borga sjálf fargjaldið út þegar þau eru að fara að spila,“ segir Hrafnhildur en hún er ekki reið út í handboltsambandið.

„Maður gerir sér alveg grein fyrir því að HSÍ getur ekki gert neitt. Þeir eru að fá sitt hjá einhverjum fyrirtækjum og það er gríðarlega erfitt fyrir þá að ná sér í þessa peninga. Þeir geta ekki verið að borga leikmönnum

eða kaupa hitt eða þetta. Það er bara skandall að ríkið skuli ekki styrkja íþróttastarf í landinu,“ segir Hrafnhildur.

„Ég held bara að við þurfum að fara að skófla einhverju íþróttaliði inn á þing. Það er í alvörunni eina lausnin til að það verði eitthvað gert. Íþróttastarf er langbesta forvörnin gegn öllu og það skiptir ótrúlega miklu máli að börn finni sér einhverja íþrótt,“ segir Hrafnhildur.

„Ég held að sjötíu prósent af þeirra fjármagni sé komið inn frá styrktaraðilum sem er bara grín. Þeir þurfa að finna fyrirtæki úti í bæ til að reka landsliðið. Þetta er sorglegt,“ segir Hrafnhildur og hver veit nema að hún skelli sér í stjórn málin þegar handboltskórnrir eru komnir upp á hillu.

- óóó

ÚRSLITIN Í HANDBOLTANUM Í GÆR

N1 deild kvenna í handb.

HK - Valur 21-44 (10-19)
Mörk HK: Heiðrún Björk Helgadóttir 6, Guðrún Erla Bjarnadóttir 3, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 3, Sigríður Hauksdóttir 2, Gerður Arinbjarnar 2, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 2, Emma Havin Sardarsdóttir 1, Tinna Rögnvaldsdóttir 1, Sóley Ívarsdóttir 1.

Mörk Vals: Dagný Skúladóttir 9, Íris Ásta Pétursdóttir 7, Aðalheiður Hreinsdóttir 6, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6, Þorgerður Anna Atladóttir 5, Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 4, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 3, Kolbrún Franklín 2, Rebekka Rut Skúladóttir 1, Karólína Lárudóttir 1.

STADAN Í DEILDINN:

Valur	8	8	0	0285-150	16
Fram	8	8	0	0238-144	16
ÍBV	9	7	1	1246-189	15

FH	9	6	0	3224-221	12
HK	9	5	0	4225-234	10
Stjarnan	9	5	0	4232-211	10
Gróttá	9	3	1	5192-216	7
Haukar	9	3	0	6199-232	6
Selfoss	9	2	0	7188-221	4
Fylkir	9	1	0	8160-264	2
Afturelding	10	0	0	10173-280	0

Pýski handboltinn:

Flensburg-Magdeburg 30-24 (17-13)

Arnór Atlason var með tvö mörk og átta stoðsendingar fyrir Flensburg í leiknum auk þess að spila vel í hinn sterku 6:0 vörn liðsins. Hann átti meðal annars fjórar stoðsendingar á danska hornamanninum Anders Eggert í fyrri hálfleik en Eggert var markahæstur í leiknum með átta mörk.

Bókakonfekt á CAFÉ ROSENBERG

HÖFUNDAR FORLAGSINS KYNNA BÆKUR SÍNAR MIÐVIKUDAGINN 14. NÓVEMBER KL. 20



FYRSTU HUNDRAD GESTIRNIR FÁ FRÍAN DRYKK ÓKEYPIS AÐGANGUR

SAMSTÖÐUHÁTÍÐ OG STYRKTARTÓNLEIKAR

SUNNUDAGINN 18. NÓVEMBER KL. 16.00
 Í MENNINGARHÚSINU HOFI Á AKUREYRI

TÓNLEIKAR

til styrktar bændum sem urðu illa úti á Norðausturlandi

FRAM KOMA:

KRISTJÁN JÓHANNSSON / SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR
 VALGERÐUR GUÐRÚN GUÐNADÓTTIR / HÖRN HRAFNSDÓTTIR
 GISSUR PÁLL GISSURARSON / JÓN SVAVAR JÓSEFSSON
 UNNUR HELGA MÖLLER / GUÐRÚN DALÍA SALÓMONSDÓTTIR
 RÓSALIND GÍSLADÓTTIR / ANNA GUÐNÝ GUÐMUNSDÓTTIR
 ÖRN VIÐAR BIRGISSON / VALMAR VÁLJAOTS

Tónleikarnir eru haldnir til styrktar bændum sem urðu fyrir áföllum í óveðrinu er gekk yfir Norðurland í haust. Heiðursgestir eru forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff.

Allir listamenn gefa vinnu sína til stuðnings verkefninu.


Miðasala fer fram í Hofi í síma 450 1000 eða á menningarhus.is Miðaverð 3000 kr.



HOF

MENNINGARHÚS





Windows 8

TOSHIBA



15,6" INTEL DUAL CORE

Hagkvæm Windows 8 fartölva sem hentar vel fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu. 15,6" skjár, Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 320 GB hörðum disk.

Toshiba C850-19D

79.990



15,6" INTEL PENTIUM

Intel Pentium örgjörvi, stórt 6GB minni, Intel HD Graphics skjákort og 640GB harður diskur. USB3.0 tengi margfaldar flutningshraða á gögnum og HDMI tengi tryggir hámarksgeði í tengingu við sjónvarp eða hljómtæki.

TOS SAT C855-1U8

109.990



INTEL PENTIUM

acer ACER AO 756-012

Mjög létt og nett með Intel Pentium örgjörva. 11,6" skjár, 4GB vinnsluminni og stór 500 GB harður diskur. Kemur uppsett með nýja Windows 8 stýrikerfinu.

89.990



15,6" INTEL PENTIUM

TOSHIBA TOSHIBA SAT C850-1C8

Góður örgjörvi og Intel Graphics 3000 skjástýring. 4GB vinnsluminni og 500 GB harður diskur.

99.990



INTEL CORE i5

TOSHIBA TOSHIBA SAT C855-1VU

Mikið fyrir peninginn í þessari kraftmiklu 15,6" fartölvu sem kemur með Intel i5 örgjörva.

Sérstaklega skemmtilega hönnuð í flottum hvítum lit.

129.990



GEFORCE SKJÁKORT OG 8GB MINNI

15,6"

ASUS ASUS S56CM-XX043H

Kröftug fartölva með Intel i5 örgjörva og frábæru 2GB GeForce GT635M skjákorti og 8GB vinnsluminni. 500GB harður diskur.

169.990



13,3" ULTRABOOK MEÐ HYBRID DISK

ASUS ASUS UX32A-R3024H

Örþunn Zenbook úr verðlaunalínu frá Asus. Hybrid diskur með 24GB SSD og 500 GB hörðum disk. 13,3" skjár, Intel Core i3. Mjög létt og töff með langri rafhlöðuendingu.

179.990



SÚ BESTA Í LEIKINA

ASUS

ASUS G75VW-T1392H

Þriðju kynslóðar Intel i7 örgjörvi, 17,3" Full HD skjár, nVidia GeForce GTX 670M 3GB GDDRS leikjaskákort, 8GB vinnsluminni og 750GB harður diskur.

299.990

tl.is



STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



„Ég er rétt byrjaður á bókinni *Prýðisland eftir Grace McCleen. Byrjunin lofar góðu.*“

Arnar Matthíasson þýðandi.

Aðeins Poppland greiðir tónlistarmönnum

Poppland er eini útvarpsþáttur Rásar 2 og um leið á Íslandi þar sem tónlistarmenn fá greitt fyrir að koma og spila. Fyrir spilamennsku í öðrum útvarpsþáttum á borð við Virka morgna á Rás 2 og hjá útvarpsstöðvum 365-miðla er aftur á móti ekkert greitt.

„Það er sérstakt samkomulag við þá sem koma í Stúdíó 12 og við borgum fyrir það. Það hefur ekki alltaf verið þannig en við höfum gert það undanfarin tvö ár,“ segir Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður í Popplandi á Rás 2. „Það voru fundnir peningar í það að borga þeim sem koma og spila í Stúdíó 12. Ef fólk mætir svo með gítar og spilar hjá Andra Frey og Gunnu Dís þá er ekki greitt fyrir það.“

Hann segir það meira mál þegar tón-

listarmenn mæta í Stúdíó 12 og þess vegna sé eðlilegt að þeir fái eitthvað greitt fyrir það. „Við biðjum fólk um að mæta einum og hálfum klukkutíma fyrir. Við biðjum um hin og þessi lög og fáum í rauninni tónlistarmennina með okkur í ákveðna dagskrárgerð.“

Aðspurður segist hann ekki vita hvort verið sé að brjóta fjögurra ára gamlan samning RÚV við Félag íslenskra hljómlistarmanna, FÍH, með því að greiða ekki fyrir spilamennsku í öðrum útvarpsþáttum.

Fréttablaðið greindi í gær frá því að engin tónlistaratriði væru lengur í Kastljósi vegna þess að sjónvarpsþátturinn hefur ekki efni á að borga tónlistarmönnum og efna þannig samning sinn við

FÍH. Óli Palli segist vera á þeirri skoðun að RÚV eigi að vera ein af stöðunum við íslenskt menningarlíf og styðja þannig vel við íslenska tónlist. Sjálfur hefur hann lengi haft áhuga á að stýra eigin sjónvarpsþætti, til dæmis í líkingu við þátt Jools Holland hjá BBC. „Ég hef lýst áhuga mínum við nokkra dagskrárstjóra að vera með tónlistarþætti. Það hefur ekki verið tekið illa í það en það hefur ekki verið tekin sú ákvörðun enn þá að setja slíkt á dagskrá.“

- fb



ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON
Tónlistarmenn fá borgað fyrir að koma í Stúdíó 12 og spila í Popplandi.

ARNALDUR INDRÍÐASON: ÞEIR HAFA BURÐI TIL AÐ GERA GÓÐA MYND

Seldi kvikmyndaréttinn að Napóleonskjölunum

Arnaldur Indriðason hefur undirritað samning við tvo erlenda kvikmyndaframleiðendur, Yellow Bird og Molten Rock Media, sem hafa hug á að kvikmynda bók hans Napóleonskjölin.

„Ég hef fengið fyrirspurnir héðan og þaðan í gegnum árin en ekkert orðið úr þar til núna að mér leist vel á að fá þessa ágætu framleiðendur að myndinni. Þeir hafa sýnt sögunni mikinn áhuga og finnst hún sérstaklega vel fallin til þess að kvikmynda. Ég tel að þeir hafi burði til þess að gera góða mynd úr henni,“ segir Arnaldur, spurður út í samninginn. „Það hefur alltaf verið mín skoðun að Napóleonskjölin hafi upp á margt að bjóða sem alþjóðleg spennumynd. Ekki síst áhugaverða kvenhetju.“

Sænska fyrirtækið Yellow Bird Pictures hefur meðal annars kvikmyndað bækur Hennings Mankell og Cornelíu Funke. Framkvæmdastjóri þess er Oliver Schundler sem hefur framleitt myndirnar Das Boot og The Neverending Story. Hinn aðillinn er Ralph Christians hjá þýska fyrirtækinu Molten Rock Media en hann var m.a. framleiðandi teiknimyndarinnar um Þór sem Óskar Jónasson leikstýrði. Hann hefur sömuleiðis framleitt þrjár sjónvarpsmyndir um Jack Taylor. Handritshöfundur tveggja þeirra er Marteinn Þórisson.

Aðspurður um hvort kvikmyndin verði tekin upp á Íslandi og hvenær segir Christians: „Auðvitað tökum við upp á Íslandi. En ég get ekki sagt hvenær. Líklega eftir árið 2014.“

Napóleonskjölin er þriðja bók Arnaldar og þar kemur lögreglu- maðurinn Erlendur hvergi við sögu. Hún segir frá því er gamalt flugvélarbrak kemur upp úr ísnum í Vatnajökli. Af ókunnum ástæðum er bandaríski herinn á Miðnesheiði settur í viðbragðsstöðu. Þegar



ANÆGDUR Arnaldi finnst Napóleonskjölin vel til kvikmyndunar fallin og list vel á nýju framleiðendurna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

AÐEINS MÝRIN VERIÐ KVIKMYNDUÐ

Mýrin er eina bók Arnaldar sem hefur verið kvikmyndað. Hún kom út árið 2006 í leikstjórn Baltasars Kormáks. Hún er bæði tekju- og aðsóknarmesta íslenska myndin síðan opinberar mælingar hófust. Myndin halaði inn tæpa 91 milljón króna og laðaði til sín um 84 þúsund áhorfendur.

Leitar að geggjúðustu bílunum

Finnur Orri Thorlacius leitar að geggjúðustu bílum landsins í tilefni útgáfu bókarinnar 100 geggjúðustu bílarnir. Finnur býddi bókina yfir á íslensku en höfundar hennar eru þeir sömu og stýra hinum vinsæla sjónvarpsþætti Top Gear.

„Sjö af þessum hundrad bílum sem fjallað er um í bókinni eru til á landinu og mig langaði að safna þeim saman í tilefni útgáfu bókarinnar. Þetta var töluverð leit og ég þurfti að beita ýmsum aðferðum til að hafa upp á þeim og ég er enn þá á höttunum eftir tveimur,“ útskýrir Finnur Orri.

Bílarnir sem Finnur Orri ætlar að safna saman eru meðal annars af tegundinni Citroen DS, Citroen 2CV, Unimog, Hummer H1 og



LEITAR AÐ BÍLUM Finnur Orri Thorlacius leitar að geggjúðustu bílum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pontiac Aztec. „Geggjúðustu bílarnir eru ekki endilega þeir flottustu. Þetta orð getur líka átt við

ljóta og illa hannaða bíla. Citroen DS þótti einn sá flottasti í heimi á sínum tíma og var hlaðinn ýmsum nýjungum. Unimog-bíllinn er fjallabíll sem hjálparveitir hafa meðal annars mikið notað. Pontiac Aztec þykir aftur á móti einn ljótasti bíll sem teiknaður hefur verið.“

Bílarnir verða til sýnis í Opel-salnum við Ármúla 17 á laugar- dag þó Hummerinn gæti þurft að standa úti sökum stærðar. „Ég vona að fólk komi til að skoða þetta með okkur. Það er þó eitt vandamál, ég er að fara norður í tókur á Game of Thrones sama dag og því óvíst hvort ég verði á staðnum. Ég reyni að semja um að fá að fljúga norður svo ég missi ekki af þessu,“ segir Finnur Orri glaðlega að lokum. - sm

Dufl og daður
FIMMTUDAGINN 15. NÓVEMBER KL. 20
Í Kirkjuhvoli safnaðarheimili
Vidalínskirkju í Garðabæ

ÓP-HÓPURINN
Flytur ariur, dúetta og samsöng
úr þekktum óperum, óperettum
og söngleikjum.

Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran
Erla Björg Káradóttir sópran
Gunnar Kristmannsson baríton
Hönn Hrafnadóttir mezzosópran
Rósalind Gísladóttir mezzosópran
Antonia Hevesi pianóleikari
Gunnar Guðbjörnsson tenór

Leikstjóri Randver Þorláksson
Miðaverð 1500 kr, miðasala á staðnum

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

OREO BANANA SÚKKULAÐIKAKA

Innihaldi: Súkkulaðibotnar, súkkulaðimousse, bláberjasulta, bananar og Oreotek.

Opnunartími:
mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugar- og sunnudaga 8.00 - 16.00

BJÖRNSEBARKARI
Sími: 561 1433

Kátari

Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á því að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.



Kraftmeiri krakkar.

Cheerios er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfnum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu fyrir lítið fólk sem er að vaxa. Í hverri skeið eru mikilvæg næringarefni og steinefni, og við foreldrar vitum að börn, sem borða hollan mat, verða sprækari, hreyfa sig meira og dafna betur.



Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tíu þúsund „læk“

Í tilefni þess að tíu þúsund „læk“ eru komin á Facebook-síðu Skálmaldar hefur hún ákveðið að gefa dyggum aðdáendum sínum ýmsan varning sem tengist sveitinni. Stuttermabolir, geisladiskar og vinyllötur eru þar á meðal. Nýjasta plata **Björgvins Sigurðssonar** og félagar, Börn Loka, hefur fengið mjög góða dóma á erlendum þungarokks-síðum. Bandarísku síðurnar Shreddernet.com og Metal-Exposure.com gefa henni 8,5 af 10 í einkunn og sömu einkunn fær hún á frönsku síðunni Metal-chroniques.fr. Hér heima hefur platan fengið finar viðtökur og situr í öðru sæti Tónlistans.



Hringferð tónlistarmanna

Félagarnir **Jónas Sigurðsson** og Ómar Guðjónsson eru í hópi þeirra íslensku tónlistarmanna sem gefið hafa út plötur fyrir jólavertíðina. Gaf Jónas nýverið út plötuna Þar sem himin ber við haf en plata Ómars nefnist Út í geim. Hafa þeir Jónas og Ómar nú lagst í ferðalag en þeir hyggjast spila á fjórtán tónleikum víðs vegar um land á fjórtán dögum. Þeir hófu leikinn í gærkvöldi í Landnámssetrinu í Borgarnesi en síðasti viðkomustaður verður Pakkhúsið á Höfn í Hornafirði þar sem þeir spila 26. nóvember.



- fb, mbl

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Fangelsin í Prag engin paradís
- 2 Mega ekki spila frítt í Kastljósi
- 3 Styttist í þekktustu loftsteinadrífu jarðar
- 4 Mannkynið verður hægt og bitandi heimskara
- 5 Sakaður um kynferðislegt athæfi með ólöggráða pilti

rekkjan

SÆNGURFATA UTSALA!

SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI



ATH!
AÐEINS
Í NOKKRA
DAGA!


MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA SÆNGURFATNAÐI FRÁ 3.890 KR.

50% AFSLÁTTUR AF HANDKLÆÐUM



50-60% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM

VERDDÆMI!
RÚMTEPPI (240X260 CM)
Fullt verð 29.900 kr.
NÚ 11.960 kr.



ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

ALLURE

Queen Size (153x203 cm.)

Fullt verð 163.600 kr.

NÚ 89.900 kr.

45% AFSLÁTTUR!

ALLURE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Studningur við bak
- Tívhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa



rekkjan

H E I L S U R Ú M

